Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók fátækranefndar. 1876-1895

Aðfnr. 42, 4. hluti

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

13. Í brjefi 12. f. m. tilkynnir amtmaðurinn, að hann finni eigi ástæðu til, að breyta synjun fátækranefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum handa Bjarna Bjarnasyni á Akurvelli.

14. Eptir upplýsingum, sem nefndin hafði fengið, neitaði hún Sigurði Sæmundssyni á Grund í Útgarði um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. (Sbr. næsta fund á undan.)

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson.

Ólafur Ólafsson.
Þórður Torfason.

Ár 1887, fimmtudaginn 14. dag aprílmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Bæjarfógetinn lagði fram brjef frá Ingibjörgu Maríu Guðmundsdóttur um fargjald handa sjer til Ameríku; en því var neitað.
2. Oddur Jónsson frá Vallholti í Rosmhvalaneshreppi biður í brjefi 2. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum; en með því að fátækranefndin þekkti eigi manninn, og hann sendi enga skýrslu um hagi sína, gat nefndin eigi veitt leyfið.
3. Einar Jónsson í Keflavík beiddi í brjefi 19. marz um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum; en hann sendi heldur enga skýrslu, og gat nefndin eigi veitt honum hið umbeðna leyfi að svo stöddu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Bæjarfógetanum falið á hendur að leigja bæ þann, sem Björns heitins Blöndal bjó í og sem sveitin á.

5. þær 10 kr., sem þá hann Teitur Egilsson var sektaður ~~Fundi slitið~~ um fyrir óleyfilega bæjarverzlun voru fengnar Ólafi Ólafssyni til jafnra skipta milli hans og Þórðar Torfasonar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H Kr Friðriksson. Björn Jónsson.

Ólafur Ólafsson

Ár 1887, fimmtudaginn 28. dag aprílmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

\+ 1. Í brjefi 26. þ.m. biður Ingibjörg María Guðmundsdóttir um að sjer verði veittur húsaleigustyrkur 2 kr. um mánuðinn. Nefndinni þótti eigi ástæða til, að veita styrk þennan að svo stöddu.

\+ 2. Guðlaug Jónsdóttir (sbr. bls. 320, 2) biður enn um húsaleigustyrk; voru henni veittar 2 kr. um mánuðinn.

3. Bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn svaraðist fyrir hvort fátækranefndin hjer viðurkenndi sveitfesti Guðlaugs Sigurðssonar; og þótti nefndinni engum vafa á, að hann ætti hjer sveit.

\+ 4. Hinrik Gíslason frá Reykjakoti í Ölfusi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

\+ 5. Þórunn Pjetursdóttir biður í brjefi ~~biður í brjefi~~ 23. dag þ.m. um leyfi til að dvelja hjer í bænum. En með því enginn nefndarmaður þekkti deili á henni, ~~sá~~ þótti nefndinni engin ástæða til að veita þetta leyfi, og neitaði því beiðninni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Bjarni Gunnlaugsson frá Saltvík á Kjalarnesi biður í brjefi 21. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. En með því, að engar skýrslur fylgdu um hagi hans, gat fátækranefndin eigi veitt leyfið.

7. Af sekt Sigurðar Hannesar fyrir óleyfilega hýsingu á húsmanni tilfjell fátækranefndinni 5 kr., og var ákveðið, að geyma þær fyrst um sinn.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Fr. Friðriksson. G. Þórðarson

Björn Jónsson Olafur Olafsson

Ár 1887. 12. d. maímán. átti að vera fundur í fátækranefndinni, en með því að ekki mættu aðrir auk formannsins, heldur en Halldór Friðriksson og Ól. Olafsson, varð ekki af af þeim fundi.

Halldór Daníelsson

Ár 1887, fimmtudaginn 26. dag maímánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Dórothea Jónsdóttir biður um 2 kr. húsaleigustyrk næsta krossmessuár. En því var synjað að minnsta kosti sumarlangt.

2. Jón Eiríksson biður í brjefi 12. þ. m. ~~biður~~ um meðgjöf með Einari Magnússyni, 10 kr. ~~til næsta krossmessu~~ fyrir hina umliðnu síðustu mánuði. Málinu frestað til að leita skýringa.

3. Snorri Arnbjarnarson í Mjóafirði í Suður-Múlasýslu biður um 100 kr. lán til Ameríkuferðar. Því var neitað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Kona Torfa Magnúsdóttur, Jóhanna, hefði fengið 10 Kr. styrk; en biður um fargjald handa 2 ungu sonum sínum. Henni voru veittar 20 Kr. Ennfremur var henni heitið fargjaldi fyrir syni sína, ef hann gæti komist sjálf með dætrum sínum. Halldór Friðriksson mótmælti.

5. Ákveðið að kaupa bæinn á Klöpp, ef hann fengist keyptur við sanngjörnu verði af G. Zoëga, handa Jóni Þórðarsyni í Ánanaustum til íbúðar; en koma 2 elztu börnunum fyrir undir haustið.

6. Ólafi Ólafssyni falið í hendur að rannsaka ástæður Guðrúnar Sigurðardóttur, ekkju Friðriks Guðnasonar.

7. Lýði Magnússyni var ákveðið að veita 5 Kr. um mánuðinn að vetrinum; en að öðru leiti eptir því sem hann nauðsynlegast þyrfti.

8. Pálínu Oddsdóttur var veittur styrkur, ef hún þyrfti; svo sem 2–3 krónur.

9. Reikningur frá Sveini í Sauðagerði 12 kr. fyrir Pjetur Illugasonsamþykktur.

10. Í brjefi 7/4–87 biður Eyjólfur Jónsson á Stóru-Vatnsleysu um sveitfesti mennsku leyfi hjer í bænum. En með því að enginn nefndarmanna þekkti hann, og engar skýrslur fylgdu um hagi hans, var beiðninni synjað.

11. Í brjefi dags. 24. þ.m. biður Jón Jónsson frá Miðseli í Kornhvalsnesshreppi um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum; en því var neitað ~~af sömu ástæðum~~ og hinum fyrri.

12. Brandur Brandsson frá Bjargarsteini í Stafholtstungum biður í brjefi 25. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en þeirri beiðni var synjað, með því að eigi
var annað að sjá, en að hann væri
bláfátækur, en hafði 9 börn fram að færa.

13. Ákveðið að senda Árna Kristjánsson
með hyski sínu til sveitar sinnar Andakíls-
hrepps við Hvalfjörð með Strandferða-
skipinu 1. dag júlímánaðar, en láta
hreppinn vita það með næstu ferð.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~M~~ Friðriksson. G. Þórðarson
Björn Jónsson. Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

~~(1887, fimmtudaginn 9. dag júnímánaðar, átti fá-
tækranefndin að eiga fund með sér, en með
því að eigi komu aðrir á fundinn en H. Kr.
Friðriksson og Ólafur Ólafsson, gat ekkert
fundur orðið.
Halldór Daníelsson)~~

1887, fimmtudaginn 9. dag júnímánaðar átti
fátækranefndin fund með sér.

1. Jón Runólfsson í Stöðlakoti biður, í brjefi
í dag um styrk sökum veikinda sinna
og var honum veittur styrkur eptir þörfum.

2. Sigríður Guðmundsdóttir á Ofanleiti
biður í brjefi í gær um húsaleigu auk
þeirra 5 kr., sem hún hefur fengið mánaðar-
lega. Var við þennan styrk 1 kr. um mán-
aðinn frá 1. þ. m. eða 6 kr., og skyldi hún sjálf
fá af þeim 4 kr., en 2 skyldi beinlínis
greiða í húsaleigu til þess, sem hún væri til
húsa hjá.

3. Jón Ólafsson í Hlíðarhúsum segir ~~til~~ í brjefi 6. þ.m., að nefndin verði að koma fyrir Guðbjarti Þorlákssyni, og biður um meðgjöf með honum 60 kr. fyrir liðinn tíma. — Ákveðið, að koma drengnum fyrir í dvöl, en alla meðgjöf neitað til Jóns, auk þeirra 40 kr., sem honum voru ætlaðar fyrir 1886.

4. Rannveig Eiríksdóttir biður 8–10 kr. styrk um mánuðinn. Henni voru veittar 5 kr. um mánuðinn frá 1. þ.m.

5. Vilborg Ólafsdóttir biður um 3 kr. viðbót um mánuðinn við þær 10, sem hún hefur haft. Styrkurinn verður eigi hækkaður í svipan.

6. Guðrún Sigurðardóttir, ekkja Mattíasar heit. í Nikulásarkoti biður um viðgjörð á bæ sínum. Henni voru veittar 12 kr.

7. Steindór Jónsson biður um húsaleigu framvegis fyrir Dórótheu Jónsdóttur og Ingibjörgu Maríu Guðmundsdóttur, og var Ólafi Ólafssyni falið á hendur að semja við Steindór um þessa húsaleigu frá 1. þ.m.

8. Helga Hálfdánardóttir biður um leyfi handa syni sínum Kristjáni Kristjánssyni til tómthúsmennsku hjer í bænum; en málinu var frestað.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. ~~M~~ Friðriksson. Björn Jónsson.

Ólafur Ólafsson

1887, fimmtudag 23. júní átti fátækranefndin fund með sjer.

+ 1. Ekkju Björns L. Blöndals var veittur 3 kr. húsaleigustyrkur um mánuðinn frá 14. maí þ. á.; hún hafði beðið um 4 kr. í brjefi 15. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Lýður Magnússon í Þorgrímsbæ vill fá aukinn styrk, meira en 5 kr. um mánuðinn (brjef 18. júní); en því var neitað.

3. Kona Bergs Pálssonar í Pálshúsum [Bergskoti] biður um styrk til að komast með næstu strandferð vestur í Dýrafjörð með allt skyldulið sitt til bróður hennar þar (brjef 17. júní), sem hefir boðið þeim til sín. Nefndin ákvað, að veita allt að 30 kr. til að útvega þeim far.

4. Þorsteini bakara Jónssyni var veittur 2 kr. húsaleigustyrkur um mánuðinn frá 14. maí þ. á.; hafði beðið um 3 kr. 50 a. í brjefi 4. þ. m.

5. Hans ~~Guðmundsson á Gufunesi~~ Stephensen Hurðarbaki vill ekki halda Guðrúnu Sincenie Ingimagnsdóttur fyrir minna en 40 kr. fyrir árið frá 1. júlí 1887 til jafnlengdar 1888, og var það veitt.

6. Gunnari Gunnarssyni í Hlíðarhúsakoti var veittur 2 kr. húsaleigustyrkur um mánuðinn fyrir Guðbjörgu Oddsdóttur fram á krossmessu að ári.

7. Marteinn Þórðarson í Þormóðsstöðum vill fá meðgjöf með Sigríði Þorleifsdóttur hækkaða upp í 12 kr. um mánuðinn úr 7 kr., og var það veitt frá 1. júlí.

8. Nefndin afrjeð að veita 30 kr. til að styrkja flutning með barnið Guðrúnar Þórðardóttur frá Kothúsum til föður þess í Ameríku, eptir beiðni hans(?) Þórðar Pjeturssonar í Oddgeirsbæ, er að öðrum kosti tjáir sig tilneyddan að segja barnið til sveitar, en lofar að styðja að því, að styrkur þessi fáist endurgoldinn frá föðurnum (brjef 23. júní).

9. Ingibjörg Guðmundsdóttir biður í brjefi 18. júní um 60 kr. styrk til að komast til sonar síns í Ameríku, en nefndinni þótti vanta tryggingu fyrir, að henni væri borgnara, er hún kæmi, og synjaði því styrksins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Geir Þorgeirsson bidur í brjefi 22. júní um bjargræði, með eina krampaveika, en því var neitað, með því að allar skýrslur vantaði um hagi hans, en líklegt, að hún væri eigi góður.

Halldór Daníelsson. Þórhallur Björnsson. Björn Jónsson. G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson

+ Fimmtudaginn 14. júlí 1887 átti að vera fundur í fátækranefndinni, en af því að enginn mætti, nema formaðurinn, varð enginn fundur haldinn.

Halldór Daníelsson

Ár 1887, fimmtudaginn 28. dag júlímán. átti fátækrastjórn fund með sjer.

1. Gunnar Gunnarsson á Hlíðarhúsastíg biður um húsaleigu frá 1 jan. til 14. maí fyrir Guðbjörgu Oddsdóttir, 3 kr. um mánuðinn, og var það veitt, 2 kr. um mánuðinn.
2. Magnúsi Pálssyni voru veittar 2 kr. um mánuðinn í húsaleigu fyrir Mörtu Markúsdóttur frá síðasta nýári (sbr. bls. 333.)
3. Árni Kristjánsson biður um 30 kr. um mánuðinn, en ákveðið að hjálpa honum eptir þörfum, unz hann getur flutt, sem eigi varð gjört 1. júlí eptir áliti beknisins.
4. Formaður gat um, að Ólafur Ásmundarson hefði höfðað mál gegn Jóni Þórðarsyni á Hlíðarhúsum út úr skulum Jóns, og bar það undir nefndina, hvað gjöra skyldi í því efni. Afráðið var, að láta selja húsið, og einkum ef Jón Eyjólfsson vildi kaupa það, með því að hann á kaup betrung hússins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Forseti bar og undir nefndina, hvað gjöra skyldi við bú Gísla heitins Stefánssonar, með því, að Geir Zoëga heimtaði borgun sína. Ákveðið var að semja við Geir Zoëga um borgun skuldar búsins til hans.
6. Í brjefi 8. f. m. fer hreppsnefndin í Lunda-Reykjadalshrepp þess á leit, að Þórdís Bjarnadóttir fái leyfi til að dveljast hjer í bænum; en því var neitað.
7. Sæmundur Sæmundsson á Elliðavatni biður um bæjarleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.
8. Ólafur Gunnlaugsson í Laugarnesi biður í brjefi 14. þ. m. um tómthús-mennskuleyfi hjer í ~~leyfi~~ bænum, og var leyfið veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~M~~ Fr. Friðriksson. G. Þórðarson
Björn Jónsson Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1887, fimmtudaginn 11. dag ágústmánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fundi með sjer.

1. Í brjefi 21. f. m. beiddist Markús Þórðarson hækkunar fyrir júnímán. á meðlagi með Sigríði Þorkelsdóttur, og 1 kr. 50 a. fyrir meðal. Þessi eina króna 50 a. var veitt, og að auk 5 kr. viðbót við júnímánuð (sbr. fund 23. júní)
2. Pálína Oddsdóttir biður í brjefi 29. júní um meðlag með barni sínu (sbr. fund 26. maí þ. á.), meiri en áður. Ákveðið var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að veita henni 4 kr. um mánuðinn til
næstu krossmessu en þá skyldi hún fara í vist.

3. Guðrúnu Sigurðardóttur, ekkju Friðriks Guðnasonar var ákveðið að veita þá hjálp, að koma eldra barninu fyrir sem fyrst, og veita henni að öðru leyti nauðsynlega hjálp.

4. Margrjetu þorleiksdóttur voru veittar 2 kr. um mánuðinn til húsaleigu.

5. Sveini Ingimundarsyni á Stóra-Seli voru veittar 40 kr., meðgjöf með Bjarna þórðarsyni fyrir árið sem leið.

6. Formaðurinn skýrði frá, að hann hefði ávísað úr bæjarsjóði brunabótagjaldi fyrir Sigurð Friðriksson, 6 kr., og var það samþykkt.

7. Ófeigur Guðmundsson á Bakka ~~koti~~ á Seltjarnarnesi biður í brjefi 2. þ. m. um tómthúsmanns-leyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

8. Formaðurinn skýrði frá, að Jón Eyjólfsson hefði keypt helming húss Jóns þórðarsonar í Ánanaustum gegn 540 kr., og af því ætti 200 kr. að ganga til bæjarins; skyldi helmingurinn greiðast í ár, en helmingurinn að ári, en Jón flytti í bæ Bergs Pálssonar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. M. Friðriksson. Björn Jónsson.
G. þórðarson þórður Guðmundsson
Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1887, fimmtudaginn 25. dag ágústmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkurkaupstaðar fund með sjer.

1. Samþykktur og ávísaður legu og útfararkostnaður Gunnlaugar Guðmundsdóttur 37 Kr. 11 a.

2. Í brjefi 18. þ. m. biður Magnús Pálsson um húsaleigu fyrir Guðnýju Guðmundsdóttur frá 14. d. maím. þ. á., er Guðný er sveitlæg í Skeiðahrepp í Árnessýslu. Ákveðið að borga honum húsaleiguna fyrir ágústmánuð (en eigi fyrir hina mánuðina) og svo framvegis, unz hún getur flutt, eða henni komið fyrir, 2 Kr. um hvern mánuð.

3. Formaðurinn lagði fram ýmsa reikninga frá yfirsetukonu Ólöfu Sigurðardóttur fyrir yfirsetu og hjálp við ýmsar konur við barnsburð þeirra, en því máli frestað.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. FrIðrik Guðr. Eggþórðarson

Ár 1887, fimmtudaginn 8. dag septembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður ~~lagði~~ skýrði frá, að hið fyrsta, sem gjöra væri, væri að gjöra áætlun um fátækragjöld næsta ár. Tekjur: Fund var áætlað

| | |
|---|---|
| Tekjur: Fund var áætlað | 170 Kr. |
| Sektir og gjafir | 100 – |
| Hundaskattur | 32 „ |
| Óvissar tekjur, þar á meðal endurgjald frá öðrum sveitum | 1000 – |
| Endurgjald frá innansveitarþurfamönnum | 100 |
| | 1402 Kr |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjöld.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Til fastra ómaga | 5000 kr. |
| 2. | – þurfamanna | 3000 – |
| 3. | – Vextir | 800 – |
| 4. | – greptrunar ómaga | 150 – |
| 5. | – lögflutnings þurfamanna | 100 – |
| 6. | – fátækralyfja | 100 – |
| 7. | – Óvissra gjalda, flutn. til annara hreppa | 800 – |
| | | 9950 kr. |
| | þegar þarfrá dragast tekjurnar | 1402 kr. |
| | verður munurinn | 8548 kr |

2. Sigríður Jónsdóttir á Steinsholti biður í brjefi dags. 7. þ. m. um 2 kr. húsaleigustyrk frá 14. maí í vor; henni voru veittar 2 kr. um mánuðinn frá 1. degi þ. m.
3. Eyjólfur Pálsson biður í brjefi 7. þ. m. um, að gjöra eitt við bæ sinn, Pálsbæ, og hann eldavjel sett í hann. Ákveðið var lengdur, og eldavjel sett í hann. Ákveðið var að gjöra við bæinn þannig, að hann skyldi vinna moldarverkin, en fátækranefndin legði til viðinn, og smíðar að viðnum.
4. Jón frá Dúkskoti biður um að skíra grót byggður við bæ sinn; og var það veitt.
5. Þorkell Sigurðsson á Mel biður um fullt meðlag með móður sinni. Honum voru veittar 40 kr. um árið, eða 3 kr. 33 a. um mánuðinn frá byrjun þessa mánaðar.
6. Ákveðið var, að skora á kaupmenn, að skíra fátækranefndinni frá, hvað þeir vildu selja nefndinni vörur handa þurfamönnum næsta vetur fyrir minnst verð.
7. Þorkeli snikkara Gíslasyni voru veittar 30 kr. með Haraldi Jónssyni til nesku krossmessu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Ttt Fridriksson. G. Þórðarson
Þórður Guðmundsson. Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1887, 22/9 átti fátækranefndin að eiga fund með sjer, en sökum þess, að eigi komu á fundinn auk fógetans, nema Th. Friðriksson og Ólafur Ólafsson gat eigi orðið af neinu fundarhaldi að því sinni.

Halldór Daníelsson

Ár 1887, 23. dag septembermánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkurkaupstaðar fund með sjer og var sóknarpresturinn Hallgrímur Sveinsson þar við staddur.

I. Var þá rætt um, hver börn ættu að fá kennslustyrk úr Thorkilliisjóði, og urðu þau þessi:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Guðný Hermannsdóttir, fædd | | 4/5 - 75 | 20 kr. |
| 2. | Margrjet Egilsdóttir | | 2/7 - 75 | 20 |
| 3. | Haraldur Guðnason | 12 ára f. | 5/10 74 | 20 |
| 4. | Guðríður Hafliðadóttir | | 24/8 - 74 | 20 |
| 5. | Kristinn Jónsson | f. | 4/12 - 73 | 20 |
| 6. | Anna Lovisa Sveinsen | f. | 22/10 - 76 | 20 |
| 7. | Elín Magnúsdóttir | f. | 17/6 - 76 | 20 |
| 8. | Gunnlaugur Sigurðsson | 10. ára f. | 5/4 76 | 20 |
| 9. | Stefanía Gróa Gíslad. | 11 ára | | 20 |
| 10. | Kirstin Katrín Þorsteinsd. | f. | 1/6 76 | 20 |
| 11. | Sigríður Guðmundsdóttir | f. | 24/6 76 | 20 |
| 12. | Katrín Elísabet Hafliðadóttir | | 26/2 - 76 | 20 |
| 13. | Jón Eyvindsson í Eyvindarholti | f. | 4/4 - 75 | 20 |
| 14. | Juliana Guðf. Guðrún Guðnad. | | 2/7 - 77 | 20 |
| 15. | Ari Bergþór Antonsson | f. | 7/7 - 74 | 20 |
| 16. | Magnús Guðmundsson | f. | 24/1 - 75 | 20 |
| 17. | Björg Bjarnadóttir | 12 ára f. | 19/9 75 | 20 |
| 18. | Guðný Jónsdóttir í Mýrarh. | f. | 16/7 - 75 | 20. |
| 19. | Ingimundur Guðmunds. | f. | 1/10 - 76 | 20. |
| 20. | Ingimundur Jónsson frá Dúkskoti | | 24/2 - 76 | 20 |
| | | | | 400 Kr. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Árni Sigurðsson á Bakka Vara 76. f. 10/1 Flyt — 400 Kr.
22. Þorbjörg Gísladóttir — f. 7/4 77 — 20 —
23. ~~Rannveig~~ Björg Gísladóttir á Bakka — f. 27/6 77 — 20 —
24. Valgerður Pjetursdóttir — f. 4/12 — 74 — 20 —
25. Guðrún Guðmundsd. í Gummorsh. f. — 74 — 20 —
26. ~~Anna Magnúsdóttir~~ Þorvaldur Magnússon (snikkara) f. 15/4 75 — 20 —
27. Ragnheiður Bjarnadóttir (Símonar) f. 8/8 76 — 20 —
28. Sigurður Magnússon á Miðseli — f. 8/1 76 — 20

Samtals — 560 Kr.

II. Formaður lagði fram tilboð frá P. C. Knudtzons verzlun um verð á vörum handa fátæklingum næsta vetur, og höfðu engir aðrir gjört neitt tilboð; en því máli var frestað til næsta fundar.

III. Sigríður Sigurðardóttir biður um styrk handa barni sínu, og þá 10 kr. í senn; og voru henni veittar 10—20 kr. eptir atvikum.

IV. Sigríður Jónsdóttir biður í brjefi 20. þ. m. um 4 kr. mánaðarlegan húsaleigustyrk. Henni var veittur 2 kr. styrkur um mánuðinn.

V. Þorkell Sigurðsson endurnýjar beiðni sína um fullt meðlag með móður sinni, 80 kr.; á-kveðið var að tala við Þorkel, áður en málinu var ráðið til lykta.

VI. Egill Diðriksson biður um tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum. En fátækranefndin gat eigi veitt þessa beiðni, með því að hann ~~hefði~~ ætlaði að búa ógiptur með stúlku.

VII. Kristján Fjeldsted biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, í brjefi 15/9 — þ. á. En því var neitað.

Fundi slitið.

H. Daníelsson. E. Th. Friðriksson. Björn Jónsson.
Hallgrímur Sveinsson. Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1887, fimmtudaginn 13. dag októbermán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Oddur Þórarinsson biður í brjefi 24. f. m. um styrk, með því að hann hafi legið veikur um meira en ár. Ákveðið var, að ráðstafa heimilinu hið bráðasta.

2. Oddur Halldórsson vill fá 18 kr. 50 a. fyrir Jón Jónsson (skanka) í 7 vikur, sem hann hefir verið veikur hjá honum. Honum voru veittar 15 kr.

3. Þorkell Eiríksson á Vestdal við Seyðisfjörð biður um fargjald til Ameríku. Brjefið er dags. 27. ágúst. Brjefinu var eigi sinnt að þessu sinni.

4. Þorkeli Sigurðssyni voru veittar 5 kr. um mánuðinn með móður sinni Sigríði Jónsdóttur.

5. Hannes Erlendsson skýrir í brjefi dags. í dag, að Þorkell Sigurðsson hafi eigi greitt sjer húsaleigu nema helming fyrir fyrra ár, og ekkert þetta ár. Fyrir umliðinn tíma, gat nefndin ekkert veitt, en hjet að ábyrgjast honum húsaleiguna frá 1. þ. m. með 2 kr. um mánuðinn.

6. Jón Runólfsson biður í brjefi 13. þ. m. um húsaleigu 24 kr., sem nú sje áfallin. Nefndin ákvað, að ábyrgjast borgun húsaleigunnar framvegis, 4 kr. á mán. en gat eigi veitt fyrir umliðinn tíma.

7. Kristján Ólafsson (?) biður í brjefi, dag settu í dag, um 12 kr. mánaðarlegan styrk framvegis í stað 6 kr. Honum voru veittar 8 krónur um mánuðinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Guðrún Sigurðardóttir, ekkja Friðriks heit. Guðnasonar, biður um 2 ára meðlag fyrir og 2 börnum sínum til framfæris. Henni voru veittar 10 Kr um mánuðinn fyrst um sinn til vorsins. Enn fremur voru Guðna Einarssyni veittar 8 Kr. 75 a. í húsaskatt og lóðargjald innkomu þeir, að tengdadóttir hans gyldu honum enga húsaleigu.

9. Ákveðið var, að koma Lýði Magnússyni fyrir gegn fullu meðlagi.

10. Jónas Helgason sendi reikning 6 Kr. 64 a. fyrir að syngja yfir 4 sveitar ómögum. Honum voru veittar 3 Kr., og sú var ákveðin borgunin framvegis.

11. Ólöfu yfirsetukonu Sigurðardóttur voru veittar: fyrir yfirsetu hjá

| | | |
|---|---|---|
| a, Auðbjörgu, konu Sigurð. Eiríkssonar | — | 4 Kr. |
| b, Kristínu, — Hans í Grímsbæ | | 3 — |
| c, Valgerði, — Magnúsar Jónssonar | | 4 — |
| d. Helgu Eiríksd. ráðskonu G. Bjarnar. | | 4 |
| | samtals: | 15 Kr. |

12. Í bréfi 3. þ. m. skýrir presturinn frá, að drengurinn Ágúst Jósepsson þurfi fræðslu með, og vill fá hann í barnaskólann gegn endurgjaldi af Akraneshreppi. En nefndin gat eigi sinnt þessari áskorun, nema því að eins, að Akraneshreppur vildi skuldbinda sig til að borga kennsluna.

13. Þá lagði formaður fram tilboð L. Hansens um vörur handa þurfamönnum næsta vetur, sem þeir þyrftu til lífsuppeldis; ákveðið var að semja við L. Hansen á þeim grundvelli, sem hann hafði sett.

~~Fundi slitið.~~

14. Benidikt Þórarinsson biður um bæjarleyfi til næsta vors; en nefndin gat eigi veitt það.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Þorleifur Kláfus Guðmundsson biður um leyfi til að dvelja hjer í vetur. En nefndin neitaði þeirri beiðni.

16. Friðsteinn Guðm. Jónsson biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum framvegis. Leyfið var veitt.

17. Bjarni Gunnlaugsson biður um tómst-húsmannsleyfi hjer í bænum. Hann er frá Saltvík á Kjalarnesi. Leyfið var veitt.

18. Oddný Þorleifsdóttir biður í brjefi í dag um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Málinu frestað að þessu sinni.

Fundi slitið.

Hannes Daníelsson. Kristján Ó. Friðriksson. G. Þórðarson
Björn Jónsson. Ólafur Ólafsson Þórður Guðmundsson

Ár 1887, fimmtudaginn 27. dag októbermán. átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi dags. 12. þ.m. biður Oddný Þor-leifsdóttir biður í tómthúsmannsleyfi hjer í bænum (sbr. næsta fund hjer á undan). Málinu enn frestað.

2. Þorkell Jónsson biður í brjefi 22. þ.m. tómthúsmannsleyfi hjer í ~~þeim~~ bænum. Með því að hann hafði eigi gjört nóga grein fyrir högum sínum, gat nefndin eigi veitt leyfið að þessu sinni, með því líka að nefndin hefur sett þá föstu reglu, að veita eigi þeim mönnum um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, sem ætla að setjast að ógiptir, en búa með stúlku.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Í brjefi 19. þ.m. biður Jóhann Guðmundsson ~~biður~~ um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Málinu frestað að þessu sinni.
4. Í brjefi 24. þ.m. biður Jóhanna Jónsdóttir um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
5. Ólafur Ólafsson skýrði frá, að Jón, stjúpi Odds Þórarinssonar, hefði lofað, að taka Odd þennan til sín, og að minnsta kosti vera svo vægur í kröfum um meðgjöf, sem sjer væri framast auðið, en Eggrún Eggertsdóttir, mundi fá kauplaust húsnæði fyrst um sinn í bæ þeim, sem Oddur nú býr í með eldra barninu, en yngra barninu yrði að koma fyrir, og samþykkti nefndin þessar ráðstafanir, og var Ólafi falið á hendur að koma barninu fyrir.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson G. Þórðarson. H. Kr. Friðriksson.
Björn Jónsson Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1887, fimmtudaginn 10. dag nóvemberm. átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.
1. Einar Magnússon í Skólabæ biður um í brjefi 9. dag þ.m. um viðbót við þær 36 kr., sem honum hafi verið ætlaðar um árið, nfl. um vetrarmánuðina; en hann hafði allt sitt út, þegar í júnímánuði. Honum voru veittar 6 kr. fyrir nóv. og des., 3 kr. fyrir hvorn mánuðinn.
2. Vilborgu Ólafsdóttur á Ofanleiti voru veittar 16 kr. alls fyrir desemberm., eða 6 kr. í viðbót við það, sem hún áður hefur.
3. Margrjetu Pálsdóttur var synjað um aukinn styrk fyrst um sinn fram til nýárs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Í brjefi, dags. í gær, endurnýjar Egill Dietriksson bón sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, með því að nú sje farið að lýsa með sjer og unnustu sinni. Leyfið var veitt.
5. Einar Snorrason á Melkoti biður í brjefi 4. þ.m. um húsmennskuleyfi. Leyfið var veitt með því skilyrði, að hann taki móður sína að sjer án styrks úr fátækrasjóði.
6. Árni Árnason á Króki í Álptanesi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu var frestað að þessu sinni.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Gj. Þórðarson
Björn Jónsson. Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1887, fimmtudaginn 24. dag nóvembermán., átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Í brjefi 24. þ.m. biður Þorkell Halldórsson (sjá fund 23. des. 1886) um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var synjað leyfisins, þar sem hann byggi með stúlku, sem hann hefði átt barn með, og sem hann þóttist trúlofaður, en væri þó ógiptur.
2. Gísli Jónsson biður í brjefi dags. í dag um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá fardögum næsta árs. Leyfið var veitt.
3. Í brjefi ódagsettu býður Jóhannes smikkari Jónsson fátækranefndinni kröfu sína til Gróubæjar, 400 kr., upp í gjöld sín til bæjarins áfallin og tilkomandi. Málinu frestað að þessu sinni.

Fundi slitið.
Halldór Daníelsson H. Kr. Friðriksson. Gj. Þórðarson Björn Jónsson
Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1887, fimmtudaginn 8. dag desembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Oddur Halldórsson í Hallsbæ biður í brjefi 1. þ. m. um meðgjöf með Jóni Jónssyni (skanka), 2 kr. um vikuna. Honum voru veittar 2 kr. um vikuna, meðan Jón var veikur, en að öðru leyti semja við hann um hinn tímann, sem Jón hefur verið hjá honum, og til miðrar vetrarvertíðar.
2. Sigríður Jónsdóttir í Steinsholti biður um styrk í brjefi 18. f. m.; en öllum styrk var frestað að penni sinni.
3. Guðjón Jónsson biður í brjefi 28. f. m. um aukinn styrk með Rannveigu Eilífsdóttur, og voru honum veittar 1 kr. 66 a.
4. Torfi Vigfússon biður í ódagsettu brjefi um styrk, með því að hann hefði ekkert sjer til lífsbjargar. Honum voru veittar 10 kr. að láni.
5. Ragnheiður Einarsdóttir biður í brjefi dags. í dag um 60 kr. meðlag með barni sínu, eða 5 kr. um mánuðinn, og voru þær veittar frá 1. degi þessa mánaðar.
6. Jósep Jónsson smiður biður um flutningskaup fyrir niðrsetning Guðrúnu Sigurðardóttur í Guðrúnarbæ, 6 kr., en vill gjöra sig ánægðan með 5 kr.; honum var neitað um þetta flutningskaup að sinni, að minnsta kosti, meðan hún beiddi eigi um það.
7. Sigurður Bjarnarson á Reynimel biður í brjefi 6. þ. m. um styrk handa sjer og konu sinni; og var honum veittur styrkur eptir þörfum.
8. Sigurður Jónsson í Móakoti biður í brjefi 29. f. m. um 20 kr. styrk um mánuðinn í vetur. Honum voru lofaðar 10 kr. um mánuðinn, þrjá fyrstu mánuðina framan af næsta ~~mánuði~~ ári

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Jón Ingimundarson á Skógtjörn á Álptanesi vill fá meðgjöf með barni Dannhildar Jónsdóttur að móðurinnar hluta. Honum voru veittar 24 kr. um árið, frá 1. þ.m.

Jón Jónsson bæ

10. Oddvitinn í Kjalarneshrepp biður í brjefi 5. þ.m. um leyfi handa Vilborgu Guðmundsdóttur til að dvelja hjer í bænum til næstu vordaga; en því var neitað.

11. Þorkell Halldórsson Suðurnýjar í brjefi 7. þ.m. ~~bænum~~ tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, með því að hann ætli að kvongast, áður en hann flytji sig. Málinu frestað að sinni til að fá betri skýrslur um hagi hans.

12. Sigríður Pálsdóttir biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum í brjefi 28. f.m., og var leyfið veitt.

13. Guðmundur Jónsson í Nýjabæ biður í brjefi 26. f.m. um tómthúsmennskuleyfi handa Guðjóni Bjarnarsyni á Sjóastöðum í Biskupstungum. Leyfið var eigi veitt, með því að hann væri ókvongaður, en ~~gæti~~ með því að maður væri með öllu ókunnugur öllum nefndarmönnum, gæti nefndin eigi gefið neitt vilyrði um bæjarleyfi þessa manns, þótt hann kvongaðist, fyr en hún fengi betri skýrslur um hagi hans.

14. Markús Guðmundsson á Arnarbæli í Ölfusi biður í brjefi 15. f.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var neitað um leyfið, vegna þess að engin skýrsla væri um efnahag hans, og enginn nefndarmaður þekkti hann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Magnús Hjörtsson á Eiði á Seltjarnarnesi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum í brjefi 1. þ. m. Leyfinu neitað, með því að nefndin ekki þekkti hann að neinu, en hann væri ógiptur, en ætlaði að búa með kvenmanni.

16. Viðvíkjandi tilboði Jóhannesar mikkara Jónatanar (sjá næsta fund á undan) um kaup á Gróubæ, var ákveðið, að bjóðast til að borga áfallnar rentur af skuldinni, og það framvegis, svo framarlega, sem Jón fengi leyfi til að vera kyrr í bænum, og draga þær rentur frá skuld Jóhannesar; en hafna kaupinu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson
G. Þórðarson Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1887, fimmtudaginn 22. dag desembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 16. þ. m. skýrði Þórður Jónsson í Ráðagerði frá, að hann gæti eigi haldið Þórð Ásbjarnarson framvegis fyrir minna en 90 kr. um árið, en mundi eigi hækka meðlagið framvegis úr því, og gekk nefndin að þessu boði hans.

2. Sigrún Sigurðardóttir biður í brjefi 14. þ. m. um 5 kr. núna fyrir jólin, og styrk framvegis í vetur með barni sínu. Henni voru veittar 5 kr., sem hún bað um.

3. Níels Eyjólfsson á Klöpp biður um 40 kr. lán. Lánið var veitt.

4. Sigurður Jónsson í Móakoti biður um 10 kr. styrk nú þegar. Honum voru veittar 5 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Helgi Teitsson biður í brjefi 14. þ.m. um aukna ~~viðbót~~ meðgjöf með Sigríði Jóns-dóttur upp í 10 kr. um mánuðinn. Svo var ákveðið, að reyna að semja við Helga um meðgjöfina, og var Guðmundi Þórðarsyni falið á hendur að semja um meðgjöfina.

6. Þorbjörgu Sveinsdóttur voru veittar 24 kr. sem ógoldin húsaleiga fyrir Margrjetu Skaptadóttur; en henni var neitað um 10 kr. ógoldna húsaleigu fyrir Rósu Jóhanns-dóttur.

7. Guðmundur Snjólfsson á Skógtjörn á Álptanesi biður í brjefi 17. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. En með því að hann er öreigi var beiðninni synjað.

8. Kristján Guðnason á Bakka í Garða-hverfi biður í brjefi 19. þ.m. um tómt-húsmennskuleyfi hjer í bænum. En með því að engar skýrslur fylgdu beiðninni um hagi hans; var beiðninni neitað.

9. Jóhannes Jónsson í Brennu biður í brjefi 19. þ.m. um tómthúsmennsku-leyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

10. Oddur Jónsson á Melnum biður í brjefi 12. þ.m. um tómthúsmennsku-mennskuleyfi. Með því að hann væri ógiftur með stúlku og barn í eptirdragi, og blá-fátækur, sveitrækinn úr Rosmhvalaness-hreppi, var beiðninni synjað.

11. Þorkell ~~[illegible]~~ Jónsson endurnýjar tómt-húsmennsku ~~leyfi~~ beiðni sína (sbr. 27. októberm.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leyfið var veitt, þegar hann væri kvongaður.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Ó. Friðriksson. Björn Jónsson
G. Þórðarson Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1888, fimmtudaginn 12. dag janúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

Fyrst var tekið ómagatal, og var það þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Haraldur Jónsson. | 15 ára | Hjá Þorkeli Gíslasyni | 15 Kr. |
| 2. | Guðrún Jónsdótt. | 11 | Guðnýju Jónsdóttur | 80 |
| 3. | Guðm. Gíslason. | 12 | Einari í [illegible] | 80 |
| 4. | Vilborg Magnúsd. | 12 | ~~Guðm. í Hálfakoti~~ | 80 |
| 5. | Guðrún Þorláksd. | 10 | hjá Halldóru Þorvarðsdóttur á Hausastöðum | 80 |
| 6. | Helga Emilía, dóttir Diðreks Hölter | 9 | Guðjóni Þórólfss. | 80 |
| 7. | Sumarlína Sumarliðad. | 13 | Jóni Sigurðssyni | 80 |
| 8. | Benidikt Guðmundsson | 10 | Margrjetu í Klettakoti | 80 |
| 9. | Ingibjörg Guðmundsd. | 66 | Kristjáni Jónssyni | 288 |
| 10. | Jón Garðfræðingur. | 74 | Guðm. Erlendssyni. | 120 |
| 11. | Ásdís Daðadóttir | 55 | Þórði í Görðunum | 90 |
| 12. | Guðrún Guðmundsd. | 3 | Hans á Gufunesi | 80 |
| 13. | Ólafur Guðnason | 9 | Ingibjörgu í Miðgrund ~~Sigurbj. Sigurðard.~~ | 80 |
| 14. | Sigríður Andersdótt. | 7 | Þórði á Norðurkoti | 80 |
| 15. | Guðr. Sím. Ingimagnsd. | 16 | Hannesi Stephensen | 20 |
| 16. | Kristín Ásmundsd. | 60 | Torfa prentara | 150 |
| 17. | Finnbogi Finnbogas. | 7 | Guðrúnu Jónsdóttur | 80 |
| 18. | Þórunn Einarsdóttir | 13 | Sigurði Einarssyni | 80 |
| 19. | Hallbera Guðmundsd. | 10 | Bergi söðlasmið | 80 |
| 20. | Agnes Jónsdóttir | 75 | Sakaríasi á Bergi | 120 |
| 21. | Guðm. ~~dóttir~~ Guðr. heit. Eiríksd. | 5 | Magnúsi í Laxanesi | 80 |
| 22. | Sigríður Jónsdótt. | 55 | Helga Teitssyni | 120 |

Flyt. 2043

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fluttar 2043

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 23. | Halldóra Gudmundsd. | 13 ára | hjá Níeli á Klöpp. | 30 aur |
| 24. | Jónína Jónsd. | 6 — | — Antoni á Vinak. | 80 — |
| 25. | Fridrik Júl. Gudnason | 6 — | — Skúla á Móbergi | 80 — |
| 26. | Kristján Haagensen | 84 — | — Magnúsi Einarss. | 180 — |
| 27. | Magnús Arason | 46 — | — Einari Arasyni | 100 — |
| 28. | Magnús Magnúss. | 4 — | — Gudlaugu í Þvergrein(?) Holti | 80 — |
| 29. | Sigrídur Þorkelsdóttir | 62 — | — Markúsi á Þurmadr. | 14/4 |
| 30. | Kristján Jóhannes. | 7 — | — Erlendi á Breidabólsstöðum | 30 — |
| 31. | Oddur Siggeirsson | 8 — | — Kristjáni á Sölmundarhöfða | 60 |
| 32. | Kristjana Jóhannesd. | 3 — | — Pjetri á Bala | 80 |
| 33. | Lydía Angel Magnúsd. | 5 — | — Sigurdi á Frostastöd. | 80 — |
| 34. | Sigrídur ~~Sigf~~ Gudmunds. | 4 — | — Magnúsi á Eidi | 80 — |
| 35. | Magnús Halld. Magnúss. | 3 — | — Gudrúnu Bergþórsd. | 60 — |
| 36. | Magnús Magnússon | 14 | — Gudl. Oddsdóttur | 120 — |
| 37. | Andríana Pjetursdóttir | 8 — | — Sveini í Sandg. | 80 — |
| 38. | Jón Kristjánss. | 5 — | — Gudr. Steinsd. | 80 — |
| 39. | ~~Herdís~~ Ásbjarnars. | — | — Þórdi í Bráðag. | 90 — |
| 40. | Sigrídur Pálsdóttir | — " | — Torfa Vigfúss. ~~Vigf. Torfasyni~~ | 80 — |
| 41. | Henrik Arnason | — " | — Gudjóni Einarss. | 75 — |
| 42/43 | 2 börn Gudm. Vestmann | — " | — Einari Arasyni | 160 — |
| 44. | Ingiríður Einarsd. | — " | — Gudm. á Bala | 60 — |
| 45. | Barn Salvarar Sigurdardóttur | " | — Jóni Þorsteinssyni á Holti í Gardi | 26-66 |
| 46. | ~~Barn~~ Margr. Arnad. barn Hafnfj. Einars | 2 | — Magnúsi Pálssyni | 60 — |
| 47. | Sigrídur Ólafsdóttir | 64 ára | (Ú bæjarreikn. Laugavegar 33) Sigurdi Bjarnasyni | 70 — " |
| 48. | Jón Jóhannsson | " | — í Videy | 40 — " |
| 49. | Ólavía Einarsd. | " | — Torfa prentara | 80 — |
| 50. | Sigrídur Jensdóttir | " | — Hermanni Gudmunds. | 60 — |
| dáinn 51. | Einar Hjaltested | " | — Hans á Gufunesi | 120 — |

Flyt 4328-66

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

369

Flutt 4328-66

52. Guðmund. Guðmundsson fatlaður Páli í Melshúsum 80 kr.
52. Guðr. Magnúsdóttir — 5 — — Markúsi á Þormóðsst. (Þórði Magnússyni) 80 —
53. Sigurður Friðriksson — — Jónasi [illegible] 80 —
54. Sigríður Jónsdóttir — — Þorkeli á Melum — 60 —
55. Júdit Tómasdóttir — " — — Sigríni í Helgabæ — 60 —
56. Born Odds Þórarinssonar dáið — — Eyjólfi í Saurbæ — 80 —
57. Jóns Jónssonar barn " — Jón Ingimundsson á Skógi 24 —

Samtals: 4792-66

## II. Þurfamenn

~~1. Margrjet Einarsdóttir á Steinholti~~

1. Kristín Guðmundsdóttir í Hólakoti — 40 kr.
2. Jóhanna Guðmundsdóttir á Lágholti . . . 80 —
3. Jóhann Heilmann . . . . . . . . . 80 —
4. Vilborg Ólafsdóttir . . . . . . . . ~~144~~
5. Guðrún Þorgrímsdóttir . . . . . . 120 —
6. Einar Magnússon í Skólabæ — 36 —
7. Sigríður Guðmundsdóttir á Ofanleiti — 72
8. Halldóra Árnadóttir . . . . . . . 96 —
9. Margrjet Pálsdóttir . . . . . . . 126 —
10. Guðbjörg Oddsdóttir . . . . . . . 120 —
11. Hans Jónsson í Grímsbæ — 160 —
12. Kristján Hróbjartsson — 96 —
13. Þorkell Sigurðsson . . . . . . . 36 —
14. Jón Ingimundsson . . . . . . . 80 —
15. Rósa Jóhannsdóttir . . . . . . 60 —
16. Pálína Oddsdóttir . . . . . . . 48 —
17. Guðrún Sigurðardóttir . . . . . . 120 —
18. Sigurður Bjarnarson . . . . . . 36 —
19. Eygrún Eggertsdóttir . . . . . . 48 —
20. Elín Sigurðardóttir . . . . . . 36 —

Flutt 1632

21. Olafur Guðlaugsson — 120

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt . . . 1632 kr

Húsaleigustyrkur

| | | |
|---|---|---|
| 21. | Sigríður Jónsdóttir í Miðarhús | 24 – |
| 22. | Guðlaug Jónsdóttir | 24 – |
| 23. | Sigurður Eiríksson | 48 – |
| 24. | Jóhanna Magnúsdóttir á Vindheimi | 12 – |
| 25 | Guðmundur Bjarnason á Grund | 48 – |
| 26. | Dóróthea Jónsdóttir | 24 – |
| 27. | Ekkja Björns Blöndals | 36 – |
| 28. | Þorsteinn bakari Jónsson | 24 – |
| 29. | Marta Markúsdóttir | 24 – |
| 30. | Sigríður Jónsdóttir á Steinsholti | 24 – |
| 31. | Jón Runólfsson í Stöðlakoti | 48 – |
| | | 1968 kr |

III. Uppsögla

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Elísabet Egilsdóttir . . . . . | 500 kr. |
| 2. | Ragnhildur Símonardóttir | 300 – |
| | Samtals | 800 – |

2. Í brjefi 8. þ. m. biður Didrika Hölter um 4 kr. styrk á mánuði. Því var neitað.

3. Í brjefi 1/1 – 88. biður Einar Ólafsson á Efri töptum um 20 kr. lán. Honum voru veittar 12 kr.

4. Óli Joh. Halldórsson skýrir frá í brjefi 9. þ. m. að hann hafi ~~tekið að sjer~~ fengið skulda-brjef Jóhannesar Jónssonar nokkura, tepp á Grjótabæ, og biður, að fátækrasjóður vildi borga sjer skuld þessa, en því var neitað.

5. Í brjefi 9. nóv. f. á. biður Árni Árnason á Króki á Álptanesi biður um tómthús-mennskuleyfi hjer í bænum. En með því að engar skýrslur fylgdu brjefinu um hag hans, var beiðninni neitað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Í brjefi 27. f.m. biður Jón Hannesson í Bygggarði á Seltjarnarnesi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. (~~Honum var veitt leyfið.~~) Málinu var frestað.
7. Í brjefi 21. f.m. ítrekar Markús Guðmundsson beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, (sjá fund 8/12–88), og var honum veitt leyfið.
8. Guðni Sveinsson í Ánanaustum biður í brjefi 11. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. (~~Leyfið var veitt~~) Frestað til næsta fundar.
9. Þorbjörgu Sveinsdóttur voru veittar 10 Kr., sem Rósa Jóhannsdóttir skuldar henni í húsaleigu síðan 1886.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. M. Friðriksson. Björn Jónsson
G. Þórðarson Ólafur Ólafsson Þórður [illegible]

Árið 1888, fimmtudaginn 26. dag janúarm., átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Guðrún Sigurðardóttir beiddist um 5 Kr. handa Jósef Jónssyni (sbr. fund 24. nóv), en báðum 8 kr. á mánuði. Jósef voru veittar 3 Kr.
2. Guðrún Sigurðardóttir í Nikulásarkoti beiddi um 5 Kr. styrk á mánuði. Henni voru veittar 5 Kr. á mánuði fyrstu 4 mánuði ársins, jan.–apríl.
3. Jón Ásmundsson biður í brjefi dags. í gær, að fátækranefndin gangi í ábyrgð fyrir sig um húsaleigu ~~fardaga~~ Kr. [illegible] árið 1888–89. Nefndin ákvað, að taka að sjer ábyrgð þessa, þó þannig, að leiga sú, sem Jón fengi hjá þeim, sem hann leigir hús til, væri borguð mánaðarlega til bæjarfógetans.
4. Í brjefi 12. þ.m. biður amtmaður um upplýsingu nefndarinnar um hvörtun

Jóhanns Guðmundssonar yfir neitun fátæktranefndarinnar um tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum (sbr. fund 27/10 f. á.). Nefndin ákvað, að svara því, að nefndin hefði neitað ~~því~~ tómthúsmennskuleyfi af þeim sökum, að maðurinn hefði alls engar upplýsingar gefið um efnahag sinn, og þær væru engar kunnar einn, og enginn nefndarmanna þekkir hann

5. ~~Oddur~~ Amtmaður sendir og hverkum Odds Jónssonar með brjefi 12. þ. m. yfir synjun fátæktranefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi handa ~~sjer~~ Odds hjer í bænum. Nefndin ákvað, að segja ástæður sínar fyrir synjuninni, svo sem þær eru teknar fram á fundi 22/12 f. á.

6. ~~Jón Hannesson endurnýj~~

6. Jóhann F. Jóhannsson biður í brjefi 24/11 f. á. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Beiðninni var synjað, með því líka alls engar upplýsingar fylgdu með beiðninni

7. Árni Árnason endurnýjar beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi (sbr. fund 10/11 f. á.) Beiðninni synjað, þar sem skýrslur engar fylgdu með.

8. Guðna Sveinssyni (sbr. næsta fund á undan) var veitt tómthúsmannskuleyfi hjer í bænum.

9. Magnúsi Hjartarsyni (sbr. fund 8/12 f. á.) var veitt tómthúsmennskuleyfi.

+10. Sigríði Þorláksdóttur Keykis hjá Jóni Björnssyni í Ánanaustum voru ætlaðar 8 kr.

+11. Kristinu Ásbjarnardóttur voru ætlaðar 5 kr.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Friðriksson. G. Þórðarson

Björn Jónsson Ólafur Ólafsson

Þórður Torfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1888, fimmtudaginn 9. dag febrúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 8. þ.m. biður Elín Sigurðardóttir um, að styrkur sá, sem henni verði veittur, verði 4 Kr. um mánuðinn í stað 3 Kr.; og var það veitt.

2. Pétur Grímsson biður í brjefi dags. í dag um húsaleigu framvegis. Honum voru veittar 3 Kr. um mánuðinn frá 1. febr. til 14. maí þ.á.

3. Sofía Ólafsdóttir í Stóra-gerði biður í brjefi dags. 8. þ.m. um bjargræðisstyrk. Ákveðið að skoða hjá henni.

4. Þóra Gísladóttir í Grjóta biður um 5–6 Kr. um vetrarmánuðina. Henni voru veittar 4 Kr. um mánuðinn, febrúar, marz og apríl.

5. Guðrún Jónsdóttir á Veðramóti biður um 2 Kr. um mánuðinn í húsaleigu. Það var veitt.

6. Sigurbjörg Guðmundsdóttir í Skálholtskoti biður um styrk. Henni voru veittar 4 Kr. um mánuðinn til 14. maí.

7. Ólafi Guðlaugssyni voru veittar 10 Kr. um mánuðinn sem áður.

8. Torfi Vigfússon biður um styrk gegn borgun í sumar. Honum voru veittar 20 Kr.

9. Ákveðið var, að veita konu Hans Gísla Jónssonar nauðsynlegan styrk í vetur, ~~eins~~ á þann hátt og varalegt er; en Guðmundur og Þórður lofuðu, að gjöra sitt til, að ná í fisk hjá Hans, sem svaraði láninu eða styrknum.

10. Hreppsnefndin í Skorradalshrepp í brjefi 29. des. f.á. biður um meðlag 25 Kr. með stúlkunni Sigurbjörgu Pétursdóttur til næstu Jónsmessu. Stúlkan var viðurkennd sem sveitlæg hjer, og skyldi hæfilegt meðlagið gjaldast, ~~enda þótt það væri nokkuð mikið~~ en hið umsamda meðlag þótti afarhátt.

\#

12. Ákveðið var, að kaupa hús Magnúsar Pálssonar af bankanum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Í brjefi 7. þ. m. biður justitiarius Jón Pjetursson um tómthúsmennskuleyfi handa Halberu Jónsdóttur í húsi Stefáns Þórðarsonar. Beiðninni var synjað, með því, að engin skýrsla fylgdi ~~með~~ um fjármuni hennar, og nefndarmanna þekkti enginn neitt þennar.

13. Guðmundur Magnússon úr Kolbeinsstaðahreppi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var synjað um leyfið, eptir þeim kunnugleika um hag hans, sem hann gaf um skýrslum.

14. Jóhann Guðmundsson hafði skýrt frá fjárhag sínum í brjefi til amtsins 29. f. m., og samkvæmt því brjefi var honum veitt tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, þó með því skilyrði, að hann búi eigi ógiptur með ~~k~~ unnustu sinni (sbr. 27/10-87)

15. Formaður gat þess, að amtmaður hefði samþykkt neitun nefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi handa Oddi Jónssyni ~~[illegible]~~, sem er nú á Melunum.

16. Dóttir Jóns Arngrímssonar, Vatzgerði, hafði verið komið fyrir til kennslu hjá Benedikt Þórarinssyni, gegn 30 aura gjaldi um daginn, og var það samþykkt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~HK~~ Friðriksson. G. Þórðarson

Björn Jónsson Ólafur Ólafsson Þórðar Torfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1888, fimmtudaginn 23. dag febrúarm., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 21. þ.m. biður Gissur Guðmundsson um um 5 kr. mánaðarlegan styrk þetta ár frá 1. janúar. Honum voru veittar 3 kr. um mánuðinn, febrúar, marz og apríl.
2. Þorkell Eiríksson biður í brjefi 12. þ.m. um styrk til útgjörðar, þar eð formaður hans ætli að róa fyrir sunnan. ~~Honum voru veittar~~ Formanninum Ámunda Ámundasyni var ákveðið að fela á hendur að láta Þorkel fá það, sem hann nauðsynlegast þyrfti, gegn því, að fátækranefndin ábyrgðist honum borgun fyrir það, sem hann ljeti Þorkel fá, svo framarlega, sem hlutur Þorkel eigi nægði fyrir því.
3. Sofíu Ólafsdóttur voru veittar 4 kr., eða styrkur eptir þörfum.
4. Jóhannes Þórðarson beiðist nýjar í brjefi 11. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum (sbr. fund 10. febr. 1887). Honum var neitað um að nýju.
5. Þórarinn Guðmundsson biður í brjefi í dag um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Málinu frestað að þessu sinni, til að fá skýrslu um efnahag beiðandans.
6. Jóni Hannessyni var veitt bæjarleyfi (sbr. fund 12. f.m.) ~~var veitt bæjar~~ svo framarlega sem hann væri orðinn sveitfastur í Seltjarnarneshreppi, en að öðrum kosti væri málinu frestað til næsta fundar. – Þó reyndist sveitlægur í Seltjarnarneshreppi
7. Oddnýju Þorleifsdóttur (sbr. fund 13. októb. f.á.) var veitt bæjarleyfi.

Fundi slitið.

~~Halldór Daníelsson~~ B. ~~H~~ Friðriksson. G. Þórðarson
Björn Jónsson Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1888, fimmtudaginn 8. dag marzmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi, dags. …, biður politiarius Jón Pjetursson um meðgjöf með Kristjáni Kristjánss. um 9 mánuði, eða júní 1887 – febrúar 1888, 36 kr. Frestað til næsta fundar.

2. Málfríður Guðbrandsdóttir biður í brjefi 7. þ. m. um 5 kr. mánaðarlegan styrk. Henni voru veittar 5 kr. um mánuðina, marz, apríl og hálfan maí, eða 12 kr. alls.

3. Sigríði Jónsdóttur í Steinsholti var ~~vera~~ veittur styrkur eptir þörfum, er hún vitjaði þess.

4. Sigurður Guðmundsson í Stardal biður í brjefi 6. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

5. Sigurður Jónsson á Eiðsstöðum við Reykjavík biður í brjefi 4. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var synjað um leyfið, með því að hann væri bláfátækur, og mundi eiga barn á Kjalarnesi, sem hreppurinn gefi með.

6. Jón Guðmundsson á Bakka á Seltjarnarnesi biður í brjefi 3. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var veitt leyfið.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Friðriksson. G. Þórðarson
Björn Jónsson Ólafur Ólafsson
Þórður Þórðason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1888, fimmtudaginn 22. dag marzmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 21. þ.m. biður Markús Þórðarson um hækkaða meðgjöf með Sigríði Þorkelsdóttur, upp í 15 kr. og var það samþykkt.
2. Sigríður Jónsdóttir í Steinholti biður í brjefi 10. þ.m. 7 kr. um mánuðinn (sbr. næsta fund). En ákveðið, að láta standa við það, sem ákveðið var á síðasta fundi.
3. Í brjefi 9. þ.m. biður Kristján J. H. Kristjánsson um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sbr. fund 9. júní 1887.); en honum var neitað sökum fátæktar.
4. Samþykkt að borga Hans Stephensen 30 kr. næsta ár með Símoníu Ingimagnsdóttur.
5. Ákveðið að borga brunabótagjald til hinna dönsku kaupstaða fyrir Peter Jóhannesson og Magnús Jónsson í Kaplaskjóli.
6. Í brjefi 27. f.m. biður sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um, ~~nata~~ að fátækranefndin vildi greiða rúmlega 40 kr., sem vantar upp ~~út~~ legukostnað og útfararkostnað Jóns nokkurs ~~Þorsteinssonar~~ Þorsteinssonar, sem andaðist á Litlu-Drageyri í Skorradals-hrepp í vetur. Málinu frestað að sinni til að leita betri skýrslna.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ÁFriðriksson. Björn Jónsson

Ólafur Ólafsson

Ár 1888, fimmtudaginn 12. dag aprílmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 11. þ.m. biður Hans Lingaard um að útvega sjer húsnæði, og var ákveðið, að reyna til að koma honum fyrir hjá Gróu frá Þerney og var Ólafi falið á hendur þetta mál.
2. Benidikt Samsonsson biður í brjefi 5. þ.m. að styrkur til Sigurbjargar Guðmundsdóttur væri hækkaður upp í 7 kr. ákveðið að reyna að koma henni fyrir, og Ólafi falið á hendur að reyna það.
3. Brynjólfur Eiríksson biður í brjefi dags. í dag. að fátækranefndin útvegi sjer húsnæði og borgi það framvegis. ákveðið var, að hann gjörði sjálfur að útvega sjer húsnæði.
4. Eyjólfi Magnússyni á Skrautkólum var veitt bæjarleyfi eptir beiðni hans í brjefi 28. febrúar þ. á.
5. Valgerður Jónsdóttir í Þormóðsdal biður í brjefi dags. í dag um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Henni var synjað um leyfið.
6. Samþykktur til ávísunar reikningur frá O. Finsen fyrir legu Friðriks Pálssonar á spítalanum að upphæð 79 kr 81 a.
7. Jóni Þórarinssyni var veitt lán allt að 20 kr.
8. Amtmaður tilkynnir í brjef 10. þ.m., að sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sje með öllu samdóma bæjarfógetanum um sveitfesti Árna Kristjánssonar í Auðkúluhreppi. og er það mál þar með á enda kljáð.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. HKrFriðriksson. Björn Jónsson

Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1888, fimmtudaginn 26. dag aprílmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Ólöf yfirsetukona Sigurðardóttir biður í brjefi 24. þ. m., að reikningar nokkrir fyrir yfirsetu gjörði sjer borgaðir. Henni voru ávísaðir 2 reikningar: fyrir Eggrúnu Eggertsdóttur og konu Sölmundar Símonarsonar. Að öðru leyti var reikningum þessum vísað frá, að minnsta kosti þangað til hlutaðeigendur sjálfir koma og beiddust styrksins.

2. Pjetur Grímsson í Skildinganesi biður í brjefi 24. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, með því að hann hafi keypt bæ í Garðaholti. En með því að enginn nefndarmanna þekkti þennan mann, var málinu frestað.*)

3. Lofað ábyrgð fyrir kurnaðargjald fyrir Brynjólf Eiríksson næsta ár.

4. Samþykkt að veita Sigurbjörgu ~~Sigurðardóttur~~ Guðmundsdóttur 5 kr. um mánuðinn.

5. Samþykkt, að ábyrgjast húsaleigu fyrir Pjetur Grímsson, 2 kr. 75 a. um mánuðinn.

6. Samþykkt, að borga Gróu Oddsdóttur 3 kr. um mánuðinn fyrir Hans Vingaard.

7. Samþykkt, að koma Kristjáni Kristjánssyni fyrir hjá Þorláki í Varmadal fyrir 6 kr. um mánuðinn.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~M.~~ Fridriksson Björn Jónsson

Ólafur Ólafsson

*) Með því það reyndist, að beiðandinn var Pjetur Hansson (ekki Grímsson) í Skildinganesi, var honum samkvæmt ákvörðun fátækranefndarinnar veitt leyfið. Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1888, fimmtudaginn 24. dag maí-
mánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 15. þ.m. biður Málfríður Guð-
brandsdóttir um 5 kr. mánaðarlegan
styrk. En henni var neitað um styrk um
sumartímann.

2. Margrjet Þorláksdóttir biður um 3 kr. styrk
um mánuðinn til húsaleigu. En henni var
synjað um styrk þennan.

L. Arnason 3. Hinrik ~~[illegible]~~ biður um leyfi til að
fara til Ólafs Þórðarsonar fyrir sömu
borgun, og hingað til hefur verið gefið með
honum, 75 kr. Málinu frestað að hinu til að heyra
sig fyrir.

4. Guðrún Sigurðardóttir í Miðholti kveðst
eigi geta komist af með þeim styrk, sem
hún hefur verið, biður í brjefi í dag, að öðru
barninu sje komið fyrir, en hún
fái fulla meðgjöf með hinu barni
sínu. Afráðið, að koma eldra barninu
fyrir, en greiða henni ~~kr~~ 4 kr. um mánuðinn
með hinu.

5. Gunnar snikkari Gunnarsson biður í
brjefi 15. þ.m. um húsaleigu fyrir Önnu
Hjaltested frá 14. nóv. f.á. til 14. maí
þ.á., 24 krónur. Ákveðið að svara því, að
nefndin gæti eigi sinnt þessari bón, þar eð
nefndin ekkert hefði við Gunnar samið
um þessa húsaleigu, og Anna hefði heldur
eigi beðist neins styrks.

6. Guðrún Bjarnadóttir í Grænuborg biður um
að sjer sje komið fyrir. Ólafi falið á hendur
að koma henni ~~sjer~~ fyrir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Önnu Ásmundsdóttur var veittur styrkur til útfarar dóttur hennar.

8. Í brjefi, dags. í dag, skýrir presturinn frá, að hann hafi yfirheyrt Valgerði Þórðardóttur, og óskar að kennslunni sje haldið áfram. Ákveðið að reyna að koma henni fyrir hjá Þjóðbjörgu Björnsdóttur fyrst um sinn í sumar.

9. Þórhallur Þórhallason biður í brjefi 8. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað til næsta fundar.

10. Jón Guðmundsson í Ánanaustum biður í brjefi 16. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. ~~Leyfið veitt~~, ~~svo framarlega sem hann kvongaðist~~. Málinu frestað.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Friðriksson. Björn Jónsson
Ólafur Ólafsson Þórður Guðmundsson

År 1888 fimmtudag 14. júní var fundur haldinn í fátækranefndinni.

1. Tómthúsmennskuleyfisbeiðni frá Guðmundi Sigurðssyni í Saltvík 31. f. m. var neitað, með því hann örengi og uppflosninga.

2. ~~Eir~~ Ara Einarssyni á Djúptúni var veitt bæjarleyfi eptir beiðni hans í brjefi 3. júní.

3. Sigríði Guðlaugsdóttur á Sjávarhólum, ekkju Gunnlögs heitins Gunnlögssonar í Óspaksstöðum, var neitað að svo stöddu um bæjarleyfi, brjef frá Ben. Gröndal 1. þ. m.), með því allar upplýsingar vantaði um hagi hennar.

4. Þórunni Magnúsdóttur frá Elliðakoti var eptir beiðni í brjefi 29. f. m. veitt bæjarleyfi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Erlendi Guðlaugssyni frá Lambhaga á Rangárvöllum, er beðið hafði um bæjarleyfi í brjefi 6. þ. m., skyldi svarað því, að hann yrði að skýra nánara frá efnahag sínum áður en úrskurðað yrði um hvort leyfið fengist.

6. Þorvaldi Einarssyni frá Skólabænum, nú hjá Guðlaugu Jónsdóttur í Steinhúsi, er hefir tekið sér hálft bæjarland af Öflugsgerði og Vatnsvöllum, skyldi neitað að koma fyrir fram í Viðey um tíma og tók Ólafur Ólafsson það að sér.

7. Amtmaður hafði og bæjarfulltrúi E. Th. Jónassen hafði með brjefi 7. þ. m. sent fátækrastjórninni athugasemdir viðvíkjandi ýmsum þurfamönnum bæjarins, 22 að tölu, um að flytja þá af hreppnum sín eða að öðru leyti að reyna að létta þeim af. Nefndin ályktaði að taka þessar athugasemdir til rækilegrar íhugunar og gera hið fyrsta ráðstafanir til að flytja hverja þá sem flutt yrði af þeim fólki og taka þær að öðru leyti til greina eptir því sem hægt væri.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Jónsson
H. Kr. Friðriksson Ó. Þórðarson
Þórður Thorsteinson Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 188, fimmtudaginn 28. d. júnímánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Jón Jónsson á Hellulandi biður í brjefi dags. í dag um 8 kr. ~~mánaðarlega~~ meðlag um mánuðinn með móður sinni Rósamunda Jónsdóttur. Honum voru veittar 3 kr. um mánuðinn, nema fyrst um sinn sumarmánuðina.

2. Jóhanna Norðfjörð biður í brjefi 14. þ. m. um styrk með barni sínu, með því að faðir þess, Sigurður Magnússon frá Flankastöðum hafi ekkert handa styrkt. Ákveðið að fá Sigurð Magnússon til að gefa með barninu að sínum klaða.

3. Signý Gunnlaugsdóttir biður í brjefi 23. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sbr. næsta fund á undan). Henni var veitt leyfið.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~M~~ Kr. Friðriksson. Björn Jónsson
Gestur Pálsson

Ár 1888, fimmtudaginn 12. dag júlímánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Ákveðið var, að bjóða í hús Guðjóns Einarssonar á Grímsstaðaholti, er það yrði selt, allt að 200 kr. svo að ekkjan geti haldið áfram að búa þar.

2. Ákveðið að kaupa bæ Jóns í Lindarbæ, og láta hann búa þar framvegis.

3. Í brjefi dags. í dag skýrir amtmaður frá, að x Sigurbjörg Sigurðardóttir, hafi afhent sjer bæ sinn upp í skuld hennar til ~~bjóður~~ sveitar, og býður fátækranefndinni hann til leigu handa Sigurbjörgu fyrir 50 kr. um árið, og var gengið að boðinu fyrir hana sinn þetta árið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Framlagður reikningur frá Ólafi Ólafssyni fyrir ferð upp í Kjós viðvíkjandi Símoníu Ingimundardóttur, 10 Kr., og var hann samþykktur.
5. Í brjefi í gær biður Kristján Hróbjartsson um 20 Kr. til viðgjörðar við bæ hans. Ákveðið að láta gjöra við bæinn eptir þörfum.
6. Jón Jónsson á Hellulandi segir í brjefi dags. í dag, að sjer nægi eigi þær 3 Kr., sem fátækranefndin veitti honum á síðasta fundi, og biður enn um að minnsta kosti 6–7 Kr. um mánuðinn; honum voru veittar 5 Kr. um mánuðinn.
7. Anna Þorsteinsdóttir heimtar 14 Kr. 45 aur. fyrir hjúkrun Diðriku Hölters, og Kristín Jónsdóttir 3 Kr. fyrir vökur yfir henni, og voru reikningar þessir samþykktir.
8. Í brjefi 4. þ.m. biður Ólafur Ísleifsson um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Frestað málinu til frekari skýringar um efnahag hans.
9. Í brjefi 9. þ. skýrir Erlendur Guðlaugsson (sbr. ~~næsta~~ fund 14. júní) frá efnahag sínum, og var leyfið veitt.
10. Sveinbjörn Ólafsson biður í brjefi 9. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sbr. fund 27. maí 1886). Honum var synjað um leyfið, með því að hann er talinn alveg fjelaus.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Guðjón Bjarnarson frá Kjóastöðum biður í brjefi 3. þ.m. enn að nýju um tómthús-mennskuleyfi hjer í bænum frá 1. septemb. Honum var veitt leyfið.
12. Björn Árnason biður í brjefi dags. í dag um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Beiðninni synjað sökum fátæktar hans.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H.Kr. Friðriksson. Björn Jónsson
Ólafur Ólafsson

Ár 1888, fimmtudaginn 26. dag júlímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Í brjefi dags. í dag skýrir Hans á Gufunesi frá, að Einar Hjaltested sje orðinn svo aumur, að hann geti eigi haldið hann fyrir minna en 16 kr. um mánuðinn hjeðan í frá, og var það samþykkt.
2. Viðvíkjandi útfararkostnaði Jóns Þorsteinssonar (sjá fund 22. dag marzmánaðar þ.á.), og kröfu Skorradælinga út úr honum, var afráðið, að fresta því máli til næsta fundar, til að útvega nýjar upplýsingar, ef auðið væri.
3. Í brjefi, dags. 4. þ.m. biður Kristján Jóhannsson frá Leirargörðum í Leirársveit um tómt-húsmennskuleyfi hjer í bænum; en því var frestað til næsta fundar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H.Kr. Friðriksson Björn Jónsson
Þórður Torfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1888 fimmtudaginn 9. ágúst átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Samkvæmt ósk amtsins í brjefi dags. 21. f. m. og fengnum upplýsingum viðvíkjandi sveitfesti Jens Jafetssonar Johnsen kaus nefndin því að gefa að hún viðurkenndi sveitfesti hans hjer.
2. Eptir kröfu Hans A. Guðmundssonar í Gufunesi kaus nefndin að því, að greiða 10 kr. með Einari Hjaltested á mánuði frá byrjun þ. m., meðan hann væri jafnframt haldinn og nú.
3. Vegna veikinda Guðrúnar Sigurðardóttur í Miðholti var ályktað koma barni hennar fyrir annarstaðar og var Ólafi Ólafssyni falið það á hendur.
4. Hjörleifi Einarssyni frá Skálholti var synjað beiðni hans í brjefi 9. þ. m. veita bæjarlegpt.
5. Ekkju Guðjóns Einarssonar á Grímsstöðum skyldi veita styrk í bráðina eptir þörfum.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Björn Jónsson.

Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1888, 23. ágúst átti að vera fundur í fátækranefndinni, en með því að eigi mættu aðrir en Björn Jónsson, varð ekki af fundinum. Halldór Friðriksson og Guðmundur Þórðarson voru fjærverandi.

Halldór Daníelsson

Ár 1888, fimmtudaginn 13. dag septembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer, og var presturinn á förum.

1. Þá var fyrst tekið fyrir, að stinga upp á því hver börn ættu að fá styrk úr, Thorkilliisjóði, og var stungið upp á þessum börnum:
1. Guðný Hermannsdóttir skyldi fá — 20 kr.
2. Margrjet Egilsdóttir f. 5/7 – 75 — 20 —

3. Guðríður Hafliðadóttir f. 24/8-74, skyldi fá - 20 Kr.
4. Anna Lovísa Hansen f. 28/10-76 — 20-
5. Elín Magnúsdóttir f. 12/8-76 — 20-
6. Gunnlaugur Sigurðsson f. 7/4-76 — 20-
7. Kirstín Katrín Þorsteinsd. f. 1/6-76 — 20-
8. Sigríður Guðmundsdóttir 2/6-76 — 20-
9. Katrín Elísabet Hafliðad. 26/2-76 — 20-
10. Júlíana Guðr. Guðnadóttir - 3/7-77 — 20-
11. ~~Magnús~~ Pjetur Guðmundsson — ~~24/4~~ 11/9 - ~~75~~ 78 — 20-
12 ~~Ingimundur~~ María Guðmundsdóttir ~~4/10~~ 17/2 - ~~76~~ 80 — 20-
13. Björg Bjarnadóttir — 19/9-75 — 20-
14. Guðný Jónsdóttir í Mýrarh. 16/7-75 — 20-
15. Ingimundur Jónsson frá Dúksk. 24/2 76 - 20-
16. Árni Sigurðsson á Steinsh. 10/1-76 — 20-
17. Björg Gísladóttir á Bakka 27/6-77 — 20
18. Valgerður Pétursdóttir - 4/12-74 — 20-
19. Ragnheiður Bjarnadóttir 8/8-76 - 20
20. Sigurður Magnússon, Miðseli 8/1-76 - 20.
21. Jónína Guðný Guðnadóttir - 1/2-80 - 20.
22. Jón Antonsson 28/8-78 — 20.
23. Jón Hjaltalín Sigurðs. 15/10-78 — 20-
24. Nikulás Baldvin Jakobsson - 28/8-78 - 20.
25. Stefanía Stefánsdótt. — 7/12-77 — 20
26 Kristín Jóns í Dúkskot 12/4 77 - 20-
27. Sigríður Eyvindsdóttir - 28/11-76 - 20-
28. Þuríður Kristjánsdóttir 9 ára f 14/12 78 - 20-

Samtals - 560.

29 Caroline Rosa Hansen 12 ára

Enn fremur var samþykkt, að fara þess á leit við stiptsyfirvöldin, að styrkurinn úr Thorkillii sjóði yrði aukinn eptir auknum fólksfjölda bæjarins í rjettu hlutfalli við fólksfjölda í hinum ~~öðrum~~ hreppum Gullbringusýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Helga Auðunsdóttir biður í brjefi 12. þ.m. um fastan mánaðarlegan styrk. Henni voru veittar 10 kr. um mánuðinn til krossmessu næsta ár.

3. Jón Arnljótsson biður í brjefi 10. þ. um styrk til að þekja bæ sinn. Ákveðið að bera það undir bæjarstjórnina, hvort hún vildi eigi leyfa Jóni, að rista torf til þess í bæjarlandinu.

4. Samþykkt að borga Sigurði í Görðunum með Bjarna Jónssyni 130 kr. um árið.

5. Formaður skýrði frá; að hann hefði látið bjóða í hús Guðjóns Einarssonar, og hefði látið kaupa það fyrir ~~fyrir~~ 400 kr., og var það samþykkt.

6. Guðmundur Jónsson í Hábæ liggur veikur af vatnssýki, og hafði læknirinn stungið upp að flytja hann í spítalann. Ákveðið var, að láta flytja hann, svo framarlega, sem læknirinn heimtaði það; en jafnframt grennslast eptir, hvar hann væri sveitlægur.

7. Ákveðið var, að koma Oddi Þórarinssyni upp í sveit um tíma til reynslu sökum heilsufarleika hans.

8. Í brjefi 5. þ.m. biður Guðmundur Runólfsson um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. En með því að engin skýrsla fylgdi um fjárhag hans, og enginn nefndarmanna þekkti beiðandann, var beiðninni synjað.

9. Jón Guðmundsson biður í brjefi 23. ágúst þ.á. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Beiðninni frestað, til þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

honum gefist á, að gefa betri skýrslur um hagi sína.

10. Páll Hafliðason biður í brjefi í dag um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum handa móður sinni, Sigríði Bjarnadóttur, og var leyfið veitt.

11. Magnús Jónsson í Breiðholti biður í brjefi 1. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstkomandi vori. Honum synjað vegna skýrsluleysis.

12. Ákveðið að heimta nákvæmari skýrslu af Kristjáni Jóhannessyni frá Leirargörðum, áður en áfráðið væri, hvort hann fengi tómthúsmennskuleyfi hjer eða eigi.

13. Reikningar samþykktir frá Sveini í Sauðagerði.

14. Reikningur frá Hans á Gufunesi fyrir greptrun ~~Einars~~ Hjaltesteds, að upphæð 42 kr. 80 a., var settur niður í 34 kr.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~Kristiansen~~ Hallgrímur Sveinsson

Björn Jónsson. G. Þórðarson Olafur Olafsson Þórður Guðmundsson

Ár 1888, föstudaginn 21. dag septembermánaðar, átti fátækranefndin aukafund með sjer. Var þá gjörð áætlun um tekjur og útgjöld fátækrasjóðsins og varð hún þannig:

~~A. Tekjur~~

~~1. Sektir og gjafir~~ . . . — — . . .

A. Tekjur.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Tíund var áætluð . . . . . . | 110 kr. |
| 2. | Sektir og gjafir . . . . . . | 100 – |
| 3. | Hundaskattur . . . . . . | 32 – |
| 4. | Óvissar tekjur, þar á meðal endurgjald frá öðrum sveitum | 1000 – |
| 5. | ~~Endurgjald frá innansveitarþurfamönnum~~ | ~~200~~ |
| | Samtals | ~~1442~~ kr. |

## Gjöld

1. Til fastra ómaga . . . . . . . . . . 5000 kr.
2. Til þurfamanna . . . . . . . . . . 3000 –
3. Til vitstola . . . . . . . . . . 800 –
4. Til greptrunar ómaga . . . . 150 –
5. Lögflutningur þurfamanna . . . . 100 –
6. Til fátækralyfja . . . . 100 –
7. Óviss gjöld, ~~þar á meðal lán til annara gjalda~~ . . . . 100 –
8. Lán til annara sveita . . . . 500 –

Samtals 9750 kr.
þar frá dragast tekjurnar 1442 –
verður eptir 8308 kr.

sem jafnað verður niður á bæjarbúa

2. Í brjefi 10. þ.m. biður Sigurbjörg Sigurðardóttir á Miðgrund um styrk, og var ákveðið að veita henni eptir þörfum fyrst um sinn til næsta nýárs.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Friðriksson.
Ólafur Ólafsson Þórður [illegible]

Ár 1888, fimmtudaginn 27. dag septembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi, dags. 26. þ.m., biður Egill Diðriksson um meðgjöf með móður sinni, 80 kr. Honum var neitað um allan styrk.
2. Þorsteinn Jónsson bakari biður í brjefi 26. þ.m. um húsaleigustyrk, 2 kr. um mánuðinn. Honum voru veittar 2 kr. í húsaleigu frá 1. oktob. næstkomandi, til krossmessu 1889.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Guðrún Sigurðardóttir í Nýjabæ í Skuggahverfi biður í brjefi 26. þ. m. um 5 kr. mánaðarlegan styrk frá 1. októbermán., og voru henni veittar 4 kr um mánuðinn frá 1. í næsta mánuði tilskrossmeku í ovr.

4. Í brjefi 18. þ. m. biður hreppsnefndin í Skorradalshrepps um, að Sveinbjörn Ólafsson megi dvelja hjer í bænum upp á ábyrgð nefndrar hreppsnefndar. Brjefinu var eigi svarað.

Sbr. fund 12. dag júlímán.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. A. Fridriksson. Björn Jónsson.
Gísli Þórðarson
Þórður Torfason

Ár 1888, þ. 11. október var fundur haldinn í fátækranefndinni

1. Málfríður Guðbrandsdóttir biður í brjefi 27. f. m. um 4-5 kr. styrk um hvern mánuð í vetur. -
Nefndin synjaði þessari beiðni að svo stöddu

2. Amtmaður hafði í brjefi 3. d. þ. m. beðið um ástæður fyrir synjun nefndarinnar um húsmennskuleyfi handa Kristjáni Kristjánssyni (sbr. fund 22. marz þ. á.). Kristjáni var veitt tómthúsmennskuleyfi vegna hinna betri skýringa um hagi sína, sem hann hafði skrifað amtmanni.

3. Þá lagði formaður fram tilboð frá L. Hansen og V. Breiðfjörð um verð á vörum til þurfamanna, og var boð Hansens samþykkt, með því verðið var lægra hjá honum.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. A. Fridriksson. Björn Jónsson.
Þórður Torfason Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1888, fimmtudaginn 25. dag októbermán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður skýrði frá, að frá Stege hefði komið krafa fyrir Hannes Erlendsson á Melnum fyrir ferðakostnað hingað, og hefði hann borgað þetta fje, en væri áskilið eptir, að geta náð þessu fje eptir.

2. Hólmfríður Magnúsdóttir biður í brjefi 16. þ. m. um húsaleigustyrk, áfallinn og svo framvegis. Henni voru veittar 30 kr., og 3 kr. um mánuðinn frá 1. næsta mán. aður til 14. maí.

3. Hjörleifur Steindórsson frá Seli í Grímsnesi biður í brjefi 21. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

4. Ásmundur Magnússon frá Hofi á Kjalarnesi biður í brjefi 24. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var veitt leyfið.

5. Steinunn Guðmundsdóttir biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Henni var veitt leyfið.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson.
Björn Jónsson. Ólafur Ólafsson. Þórður Torfason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1888, fimmtudaginn 8. dag nóvembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi dags. 5. þ.m. biður Guðrún Bergþórsdóttir meðgjöf með barni Eggþrúðar Eggertsdóttur, sem fæddist 28. dag septembermánaðar þ. á., frá þeim degi og svo framvegis. Fátækranefndin ákvað, að veita henni hina umbeðnu meðgjöf frá 1. degi októbermánaðar, og semja við hana um meðgjöfina framvegis.

2. Jóni Arnljótssyni var leyft, að verja þeim 20 kr., sem honum höfðu verið veittar til aðgjörðar við bæ sinn, til að setja súð innan í bæ sinn.

3. Í brjefi, dags. 5. þ.m., biður Árni Árnason á Burstöðum um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá krossmessu 1889. Leyfið var veitt.

4. Jóhannes Þórðarson ítrekar enn í brjefi 4. þ.m. beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Með því að engin skýrsla fylgdi brjefi hans, gat nefndin eigi veitt leyfið að sinni; en ef hann sendi nákvæma skýrslu um hagi sína, og kvonfang, mundi nefndin taka beiðni hans enn til íhugunar.

5. Þorkell Þorkelsson frá Árbæ í Ölfusi biður í brjefi 6. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá krossmessu 1889. Honum var synjað vegna fátæktar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Björn Árnason endurnýjar beidni sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sbr. fund 12. júlímán. þ. á.); honum var neitad um leyfid af sömu ástædum sem ádur.

Fundi slitid.

Halldór Danielsson. H. Kr. Fridriksson. G. Þórdarson

Björn Jónsson. Ólafur Ólafsson Þórdur Torfason

Ár 1888, fimmtudaginn 22. dag nóvembermánadar, átti fátækranefndin fund med sjer.

1. Í brjefi 19. þ. m. bidur amtmadur um umsögn fátækranefndarinnar um klögun Bjarnar Árnasonar yfir synjun nefndarinnar á tómthúsmennskuleyfi (sbr. næsta fund á undan). Ákvedid ad neita um leyfid sökum fátæktar beidandans, og sökum þess, ad allt útlit væri fyrir, ad hann innan skamms yrdi til þyngsla.

2. Í brjefi, dags. 21. þ. m. bidur Jóhannes Sigvaldason á Kirkjuferju í Ölfusi bidur um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var veitt leyfid med því skilyrdi, ad hann kvongadist þegar í vor.

3. Magnús Egilsson frá Felli í Biskupstungum bidur í brjefi 22. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá 14. maí næsta ár. Honum var veitt leyfid med því skilyrdi, ad hann kvongadist þegar í vor.

4. Ákvedid ad koma hinu nýfædda barni Gudvarar ~~Gudmundsdóttur~~ Þórdardóttur (gálu) fyrir sem allra fyrst,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og var Ólafi Ólafssyni og Þórði Torfasyni falið á hendur að koma því fyrir.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson. G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson Björn Jónsson. Þórður Torfason

Ár 1888, fimmtudaginn 29. dag nóvembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður skýrði frá, að kona J. Hermitage væri hjer allslaus, og væri hjer um tvennt að gjöra, annaðhvort að senda hana til Skotlands nú með Láru, eða láta hana bíða til vors, að sjálfsögðu á kostnað sveitarsjóðs. Nokkur von væri, að ferðakostnaðurinn fengist af verði muna þeirra, sem seldir hefðu verið og J. H. hefði skilið eptir, en víst væri það eigi. Afráðið var, að senda hana með þessari ferð Láru, en skrifa ekkert um kostnaðinn til Skotlands fyr en með næstu ferð, í febrúarm. 1889.

2. Afráðið var að koma Magnúsi Sigurðssyni frá Geldingaholti í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu á spítalann á ábyrgð fátækrasjóðs Reykjavíkur, gegn endurgjaldi frá sveit hans. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson. G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1888, fimmtudaginn 13. dag desembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 12. þ.m. biður Þorkell Eiríksson um 8 kr. styrk til bráðabyrgðar. Ákveðið að skoða hjá honum, og veita honum styrk sem nauðsyn krefði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Margrjet Þorleifsdóttir biður í brjefi 11. þ.m. um 12 Kr. til húsaleigu. Henni var synjað um þetta fje, þar sem hún hefði vinnumann.

3. Þórður Þórðarson í Hábæ biður í brjefi 11. þ.m. ~~biður~~ um 12–15 Kr. í eitt skipti fyrir öll fyrir fatnað handa börnum Friðriks ~~(Guðnasonar~~ heitins Guðnasonar, auk venjulegrar meðgjafar. Nefndin gat eigi veitt þenna styrk, þar sem hann hefði tekið þau í uppbót skildagalaust.

4. Jarðþrúður Pjetursdóttir afsegir að hafa Rósu Jóhannsdóttur lengur í húsum sínum. Ákveðið, að reyna, hvort Jarðþrúður vildi eigi taka hana fyrir 5 Kr.

5. Sigurður Hansson frá Gljúfrárholti í Ölfusi biður í brjefi 3. des. þ.á. um tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum. ~~Frestað málinu að sinni~~ Leyfið veitt með því skilyrði, að hann giptist þegar í vor.

6. Í brjefi dags. 25. f.m. biður Einar Jónasarson á Þórustöðum á Vatnsleysuströnd um leyfið. Honum var synjað um leyfið, með því að engar skýrslur fylgdu um hagi hans.

~~Fundi slitið.~~

7. Ólafur Ísleifsson endurnýjar beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sbr. fund 12. júlím. þ.m.); en með því að enn var engin skýrsla komin um fjárhag hans, gat nefndin enn eigi veitt þetta leyfi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~Fr~~ Friðrik Guðm. Gísli Þórðarson

Björn Jónsson Ólafur Ólafsson

Ár 1888, fimmtudaginn 27. dag desembermán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaðurinn lagði fram brjef frá bankastjóranum, dags. 17. þ. m., þar sem hann skýrir frá, að hann hafi leigt Brynjólfi Eiríkssyni bæ, sem bankinn á, fyrir 45 Kr. um árið, en Brynjólfur hafi að eins borgað 10 Kr. upp í leiguna, og muni bankinn vísa Brynjólfi burt úr bænum, nema fátækranefndin vilji ábyrgjast húsaleiguna. Ákveðið var, að svara bankastjóranum því, að fátækranefndin mundi ábyrgjast leiguna frá 1. degi janúarmán. 1889, til 14. maí næsta vor.
2. Einar Ólafsson á Tóptum biður um 12 Kr. lán, en því var neitað.
3. Jóhann Þorbjörnsson biður í brjefi 15. dag þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristjánsson[?] Friðriksson. G. Þórðarson

Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1889, fimmtudaginn 10. dag janúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Þá var fyrst tekið ómagatal, og var það þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Guðrún Jónsdóttir | 12 ára | hjá Guðnýju Jónsd. | 80 kr. |
| 2. | Guðm. Gunnars. | 14 — | — Einari Arasyni | 80 — |
| 3. | Vilborg Magnúsd. | 13 — | — Guðm. í Kálfakoti | 80 — |
| 4. | Guðrún Þorláksd. | 12 — | — Halld. Þórarinsdótt. á Hausastöðum | 80 — |
| 5. | Helga Emilía, dóttir Sigr. Holter | 9 — | — Guðjóni Þórólfssyni | 80 — |
| 6. | Sumarlína Sumarliðad. | 14 — | — Jóni Sigurðssyni | 40 — |
| 7. | Benidikt Guðrúnars. | 11 — | — Margrjeti í Mettakoti | 80 — |
| 8. | Ingibjörg Guðmundsd. | 67 — | — Kristjönu Jónsd. | 288 — |
| | | | Flyt. | 808 K. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flyt — 808 kr.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 9. | Jón garðfræðingur | 75 ára | hjá Guðm. Erlendss. | 120 — |
| 10. | Ásdís Dadadóttir | 56 — | — Þórði í Görðum | 90 — |
| 11. | Guðr. Guðmundsd. | 4 — | — Hans á Gufunesi | 80 — |
| 12. | Ólafur Guðnason | 10 — | — Ingileifu á Meðgrund | 80 — |
| 13. | Sigríður Andersd. | 8 — | — Þórði á Norðdahl | 80 — |
| 14. | Símonía Ingimagnsd. | 17 — | — Hans Stephensen | 120 — |
| 15. | Kristrún Ásmundsd. | 61 — | — Torfa prentara | 150 — |
| 16. | Finnbogi Finnbogas. | 8 — | — Guðrúnu Jónsdótt. | 80 — |
| 17. | Þórunn Einarsd. | 14 — | — Sig. Einarssyni | 40 — |
| 18. | Hallbera Guðmundsd. | 11 — | — Bergi söðlasmið | 80 — |
| 19. | Agnes Jónsdóttir | 76 — | — Zakaríasi á Bergi | 120 — |
| 20. | Guðm., sonur Guðr. heit. Eiríksd. | 6 — | — Magnúsi í Laxan. | 80 — |
| 21. | Sigríður Jónsd. | 56 — | — Helga Teitssyni | 120 — |
| 22. | Halldóra Guðmundsd. | 17 — | — Niels á Klöpp | 30 — |
| 23. | Jónína Jónsd. | 6 — | — Anton á Vindheimi | 80 — |
| 24. | Friðrik Júl. Guðnason | 5 — | — Skúla á Móbergi | 80 — |
| 25. | Kr. Haagensen | 82 — | — Magn. Einarssyni | 180 — |
| 26. | Magnús Arason | 57 — | — Einari Arasyni | 100 — |
| 27. | Magnús Magnúss. | 5 — | — Guðlaugu í Þorgrímsb. | 80 — |
| 28. | Sigríður Þorkelsd. | 63 — | — Mark. á Þormóðsst. | 180 — |
| 29. | Kristj. Jóhannes. | 8 — | — Erlendi á Breiðabólst. | 30 — |
| 30. | Oddur Siggeirsson | 9 — | — Kristj. á Sölmundarh. | 60 — |
| 31. | Kristj. Jóhannsd. | 4 — | — Pjetri á Bala | 80 — |
| 32. | Lyd. Angel. Magnúsd. | 5 — | — Sigurði á Frostast. | 80 — |
| 33. | Sigríð. Guðmundsd. | 5 — | — Magnúsi á Eiði | 80 — |
| 34. | Magnús Magnússon | 74 — | — Guðlaugu Oddsdótt. | 120 — |
| 35. | Jón Kristjánsson | 5 — | — Guðrúnu Hansd. | 80 — |
| 36. | Þórður Ásbjarnars. | 72 — | — Þórði í Ráðagerði | 90 — |
| 37. | Sigríður Pálsd. | 12 — | — Torfa Vigfússyni | 80 — |
| 38. | Hinrik Arnason | 62 — | — Helgu Auðunsd. | 75 |

2745 +
808

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | Flyt. | 3553 kr. |
| 39. | Guðm. Guðmundss. | 2 | hjá Halldóru Árnad. | 80 |
| 40. | Guðrún Guðmundsd. | 7 | Kristínu Einarsd. | 80 |
| 41. | Ingiríður Einarsd. | 61 | Guðm. á Bala | 60 |
| 42. | Barn Salvar. Sigurðard. | „ | Jóni Þorsteinssyni á Holti í Gardi | 26-66 |
| 43. | Margrjet Árnad. | 3 | Magnúsi Pálssyni | 60 |
| 44. | Sigríður Ólafsd. | 65 | Jóhannesi Zoëga yngri | 70 |
| 45. | Jón Jóhannsson | „ | í Viðey | 40 |
| 46. | Ólavía Einarsd. | 12 | Torfa prentara | 80 |
| 47. | Sigríður Jónsd. | 7 | Hermanni Guðmundss. | 80 |
| 48. | Guðr. Magnúsd. | 6 | Þórði í Hólabrekku | 80 |
| 49. | Sigurður Friðrikss. | 10 | Jónasi naturverði | 80 |
| 50. | Sigríður ~~Jónsd.~~ Ólafsd. | 75 | Þorkeli á Melnum | 60 |
| 51. | Jódís Tómasd. | 2 | Sigrúnu í Helgabæ | 60 |
| 52. | Jón Jónsson | „ | Jóni á Skógtjörn | 24 |
| 53. | Bjarni Jónsson | „ | Þórði í Görðum | 130 |
| 54. | Guðmundína Oddsd. á 1. | | Guðr. Bergþórsd. | 80 |
| 55. | Jóhanna Guðmundsd. | 51 | Guðm. í Lágholti | 80 |
| 56. | Lýður Magnússon | 71 | Guðl. Oddsdóttur | 60 |
| 57. | Kristján Kristjánss. | 65 | Justitiarius | 72 |
| 58. | Sigríður Þorláksd. | 12 | Jóni Björnss. á Ánan. | 80 |
| 59. | Pjetur Friðriksson | 6 | Þórði Þórðarsyni | 160 |
| 60. | Guðrún Friðriksd. | 4 | | |
| 61. | Sigurjón Guðrúnars. á 1. | | Árna Þórðars. í Garðbæ | 80 |
| 62. | Guðr. Bjarnadóttir | 59 | Hinrik í Grænub. | 50 |
| | | | | 5225-66 |

## II. Þurfamenn.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Jóhann Heilmann | 80 |
| 2. | Vilborg Ólafsdóttir | 144 |
| 3. | Guðrún Þorgrímsdóttir | 100 |
| 4. | Sigríður Guðmundsdóttir á Ofanleiti | 72 |
| | | 396 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| | Flutt | 396 kr |
| 5. | Margrjet Pálsdóttir | 100 – |
| 6. | Guðbjörg Oddsdóttir | 100 – |
| 7. | Hans Jónsson í Grímsbæ | 160 – |
| 8. | Kristján Hróbjartsson | 96 – |
| 9. | Jón Ingimundarson | 80 – |
| 10. | Rósa Jóhannsdóttir | 48 – |
| 11. | Pálína Oddsdóttir | 48 – |
| 12. | Eggrún Eggertsdóttir | 48 – |
| 13. | Elín Sigurðardóttir | 48 – |
| 14. | Ólafur Guðlaugsson | 120 – |
| 15. | Helga Auðunsdóttir ~~Samtals~~ | 120 – |
| 16. | Sigurbjörg ~~Sigurðardóttir~~ Guðmundsdóttir | 60 – |
| 17. | Sigríður Jónsdóttir í Steinsholti | 72 – |
| 18. | Guðrún Sigurðardóttir í Nýjabæ | 18 – |
| | | 1514 kr. |

## III. Húsaleigustyrkur

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Sigríður Jónsdóttir á Hlíðarhús. | 24 – |
| 2. | Guðlaug Jónsdóttir | 24 – |
| 3. | Sigurður Eiríksson | 36 – |
| 4. | Jóhanna Magnúsdóttir á Vindheimi | 12 – |
| 5. | Guðmundur Bjarnason á Grund | 48 – |
| 6. | Dorothea Jónsdóttir | 9 – |
| 7. | Ekkja Björns Blöndals (Guðr. Sigfúsd.) | 36 – |
| 8. | Þorsteinn bakari Jónsson | 24 – |
| 9. | Sigríður Jónsdóttir í Steinsholti | 24 – |
| 10. | Pjetur Grímsson | 12 – 37 |
| 11. | Sigurbjörg Sigurðardóttir á Grund | 50 – |
| 12. | ~~Guðrún~~ Hólmfríður Magnúsdóttir | 13 – 50 |
| | Samtals: | 312 kr 87 a |
| 13. | Þorkell Sigurðsson | 36 – – |

## IV. Vetrtola

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Elísabet Egilsdóttir | 500 kr |
| 2. | Ragnhildur Símonardóttir | 300 – |
| | | 800 kr |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Í brjefi dags. 29. október f. á. gjörir Jóhann Torfason á Indriðastöðum grein fyrir kröfu sinni um meðlag með Sigurbjörgu Pjetursdóttur, 25 kr., í fyrra vetur, og var samþykkt að veita þetta meðlag.
3. Sigrún Sigurðardóttir í Helgabæ spyrst fyrir í brjefi 2. þ. m., hvort hún megi taka Hermann Eiríksson fyrir vinnumann, og var því neitað.
4. Jón Oddsson biður í brjefi 10. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var veitt leyfið með því skilyrði, að hann kvongaðist sem fyrst.
5. Jens Bjarnarson í Skildinganesi biður í brjefi 9. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Með því að engin skýrsla fylgdi með bónarbrjefinu um hagi hans, gat nefndin eigi veitt leyfið að þessu sinni.
6. Í brjefi dags. 2. þ. m. ítrekar Þorkell Þorkelsson frá Árbæ í Ölfusi beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi (sbr. fund 8. nóv. f. á.). Nefndinni þótti skýrslan ófullkomin, og gat því eigi veitt leyfið.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Friðriksson, G. Þórðarson

Björn Jónsson Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1889, fimmtudaginn 24. dag janúarmán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 23. þ. m. skrifar Guðmundur Erlendsson, að hann vilji eigi halda Jón garðyrkjumann fyrir minna en 15 kr. um mánuðinn, í stað 10 kr., sem áður voru. Ákveðið var, að bjóða Guðmundi 12 kr. um mánuðinn; en að öðrum kosti reyna að koma honum fyrir annarstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× 2. Einar Arason á Tóftum skýrir frá í brjefi 21. þ.m., að hann geti eigi haldið Magnúi Arasyni lengur en ~~til~~ næstu krossmessu.

3. Einar Magnússon í Skólabæ biður, í brjefi 16. þ.m. um sama styrk og áður. Ákveðið var, að láta hann hafa 5 kr. um mánuðinn frá 1. febr. til 14. maí í vor.

4. Gissur Guðmundsson biður í brjefi 14. þ.m. um 6 kr. styrk um mánuðinn í vetur, sökum veikinda konu hans. Honum voru veittar 5 kr. um mánuðinn í vetur, ~~og~~ meðan konan lifði.

5. Kristínu Ásbjarnardóttur voru veittar 5 kr. um mánuðinn, eins og síðasta ár.

6. Sigurður Björnsson biður í brjefi 23. þ.m. um húsaleigu fyrir Guðrúnu Þórðardóttur kr. 1.50 um mánuðinn, í Klettakoti, frá 1. jan. til 14. maí; honum var neitað um það.

7. Pjetur Magnússon biður um 15 kr. lán. Honum voru veittar 10 kr.

8. Í brjefi dags. 14. þ.m. biður Guðríður Helgadóttir um tómthúsmanns-leyfi hjer í bænum; en henni var þverneitað.

9. Jens Bjarnarson (sbr. næsta fund á undan) endurnýjar beiðni sína um tómthúsmanna-leyfi hjer í bænum, og skýrir frá, að hann eigi 450 kr. auk fata og rúmfatnaðar. Honum var leyfið veitt, þó svo að ef hann hefði stúlku í eptirdragi, yrði hann að kvongast, er hann flytti inn í bæinn.

10. Amtmaðurinn hefði í brjefi 21. þ.m. beðið um álitsár fátækranefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir neitun hennar um tómthúsmannsleyfi handa Þorkeli Þorkelssyni frá Árbæ í Ölfusi. Ákveðið var að svara amtmanninum, og skýra honum frá þeim ástæðum, sem nefndin hafði fyrir synjun sinni, að það væri ný skýrsla komin um efnahag hans, sem sýndi og sannaði það, að hann ætti nokkuð.

11. Formaður lagði fram lista yfir þá, sem gjaldkerinn hefir stungið upp á, að numdir væru burt úr eptirstöðvalistanum, og var farið yfir listann, hverjum sleppa skyldi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. M. Fridriksson. G. Þórðarson
Björn Jónsson. Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1889, fimmtudaginn 14. dag febrúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Guðrún Sigurðardóttir á Miðholti biður í brjefi í dag ~~bið~~ um 4 kr. mánaðarlegan styrk, að minnsta kosti til maímánaðarloka. Henni voru veittar 3 kr. um mánuðinn frá 1. þ.m. til 14 maí í vor.
2. Magnús Pálsson biður í brjefi dags. í dag um húsaleigu fyrir Mörtu Markúsdóttir 2 kr. um mánuðinn. Það var veitt.
3. Reikningur frá Önnu Þorsteinsdóttur fyrir húsaleigu fyrir Rikku Hölter var samþykktur. ~~Reikningurinn~~ náði einungis fyrir janúar, en samþykkt var að veita henni húsaleigu framvegis fyrst um sinn.
4. Jón Arnljótsson beiddi um 8 kr. styrk; en ákveðið var að skoða hjá honum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Í brjefi 12. þ. m. tilkynnti amtmaður fátækra-nefndinni, að hann hefði veitt Þorkeli Þor-kelsyni tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum.

6. Pjetur Guðmundsson biður í brjefi 6. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var synjað um leyfið, með því að alls engin skýrsla fylgdi um efni beiðandans og hag.

7. Þorleifur Þorleifsson ~~úr~~ frá Ejstadalé í Grímsnesi biður í brjefi 8. þ. m. um tómthúsmennsku-leyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

8. Sigurbjörn Bjarnason í Björnsbæ biður í brjefi dags. 11. þ. m. um tómthúsmennsku-leyfi. Málinu frestað að þessu sinni, til að leita hann gefa betri skýrslu um efna-hag sinn.

9. Hans Guðmundsson á Gufunesi biður í brjefi 12. þ. m. um tómthúsmennsku-leyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

10. Einar Gamalíelsson á Nauthól biður í brjefi 9. þ. m. um tómthúsmennsku-leyfi. Leyfið var veitt.

11. Gunnlaugur Sölvason á Ásgeirsá í Víðidal biður í brjefi í dag. Honum var synjað um leyfið, með því að engin nægileg skýrsla fylgdi bónarbrjefinu um efnahag hans og ástæður, og hann þar að auki hafði ómegð fyrirdragi, sem engin skýrsla fylgdi um hvernig á stæði.

12. Daníel Guðnason biður í brjefi ódag-settu um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað að þessu sinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Jón Sigurðsson á Syðstu-Mörk undir
Eyjafjöllum biður í brjefi 24. des. 1888. um
sín húsmennsku leyfi hjer í bænum.
Leyfið var veitt.

14. Björn Jónsson stakk upp á, að fleiri fátækra-
stjórar væru kosnir, og stinga fátækra-
nefndin upp á mönnunum, og kom þessi nefnd-
inni saman um að tilnefna: 1, í Skugga-
hverfinu: Árna Gíslason, fyrrum lögregluþjón.
2. í Þingholtunum: Erlend Zakaríasson.
3. í Hlíðarhúsum og Ánanaustum: Gunnar
Gunnarsson á Vestergötu 46. – 4. á Seli-
holti: Gunnlaug Pjetursson á Háaleiti –
5. á Bráðræðisholti og Sauðagerði, og Seljunum:
Svein Bjarnarson á Sauðagerði. – 6.
í Grímsstöðum og Kaplaskjóli: Jón Þor-
steinsson á Grímsstöðum. Skyldu þessir menn vera
auk hinna tveggja, sem áður eru.

15. Guðmundur Þórðarson gat þess, að hann
hefði komið Jóni garðyrkjumanni fyrir
enn að nýju hjá Guðmundi Erlendssyni
fyrir 12 kr. um mánuðinn frá 1. janúar
þ. á., og Magnúsi Arasyni frá næstu kross-
messu hjá Anthon á Vindheimi, fyrir
sömu meðgjöf og áður, 100 kr. –

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson
Björn Jónsson. Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1889, fimmtudaginn 28. dag febrúarmán. átti fátækrastjórnin fund með sjer.

1. Formaður lagði fram reikning frá Karolínu Hansdóttur fyrir vöku yfir Rósu Jóhannsdóttur að upphæð 13 kr, og var hann samþykktur.

2. Samþykkt, að láta Pál Jóhannsson fá verð undirdýnu, sem Rósa eptir hennar [illegible] eptir sig.

3. Sigurður Jónsson í Móakoti biður í brjefi dags. 27. þ. m. um 20 kr. lán. Ákveðið var, að láta hann fá 10 kr. virði út úr búð.

4. Jón Jónsson frá Hellulandi biður um uppgjöf á ~~skuldar~~ hefðarinnar móður hans Rósmundu, sem hvíldi á bæ hennar Hellulandi. En þeirri bæn var neitað.

5. Jakob smikkari Sveinsson sendi með ódagsettu brjefi reikning frá landlækni Schierbek upp á 50 kr. og fyrir legu ~~hennar~~ Sigrúnar Einarsdóttur, að upphæð 27 kr. En nefndin taldi sjer þenna reikninga með öllu óviðkomandi, þar sem málið að upphafi hefði alls eigi til hennar komið, og hún hefði enga ábyrgð á sig tekið í því efni.

6. Formaður skýrði frá, að sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu hefði skýrt sjer frá, að þeir synir Sigríðar Ólafsdóttur, Ólafur og ~~Helmum~~ Tómas í Hafnarfirði gætu eptir þeirra sögu, og að hann setti líka, ~~geta~~ alls ekkert styrkt móður sinnar

7. Ólafur Ólafsson skýrði frá, að hann hefði samið við Finnboga á Reykjum um meðgjöf með Oddi Þórarinssyni, ~~um árið~~ og að hún yrði 80 kr. um árið, ef Oddur yrði eigi lakari en hann nú væri; og var það samþykkt.

8. Sigurbjörn Bjarnason endurnýjar tómthúsmennskubón sína hjer í bænum (sbr. síðasta fund). Leyfið var veitt.

9. Jón Gíslason Laxdal biður í brjefi 25. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

10. Halldór Jónsson á Götuhúsum á Akranesi biður í brjefi 20. febrúarmánaðar um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

+ Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson. G. Þórðarson

Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1889, fimmtudaginn 14. dag marzmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 11. þ. m. kveðst Guðrún Þorgrímsdóttir eigi geta komizt af með 8 kr. á mánuði, en biður um 10 kr. sökum kennslu barns síns. En henni var synjað um aukninguna, með því að barnið gæti farið í barnaskólann.

2. Í brjefi 6. þ. m. býður landsbankinn fátækrasjóðnum bæ þann, sem Brynjólfur Eiríksson býr í, til kaups fyrir 500 kr., sem greiðist á 15 árum, eða þá að taka hann á leigu fyrir 32 kr. á ári. Samþykkt var að leigja bæinn fyrir 32 kr. á ári.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Reikningur frá Vatnsleysustrandarhrepp fyrir Bjarna Jónsson samþykktur. Skuldin er 10 kr. 50 a.
4. Árni Árnason á Skógsströnd á Alptanesi tilkynnir, að hann ætli að flytja hingað til Reykjavíkur í vor. Honum neitað um tómthúsmennskuleyfi hjer.
5. Guðrún Jónsdóttir á Möðruvöllum í Kjós biður í brjefi 4. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
6. Þorbergur Eiríksson biður í brjefi 11. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Ákveðið, að láta hann gefi betri skýrslu um hagi sína.
7. Samþykkt, að lána Pjetri Ásmundssyni 5 kr. til vetrarvertíðarlaka.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. M. Friðriksson. G. Þórðarson

Björn Jónsson Ólafur Ólafsson

Ár 1889, fimmtudaginn 28. dag marsmánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Í brjefi 24. þ. m. beiddist Kristín Guðmundsd. 40 kr. meðgjöf með dóttursyni sínum Guðmundi Kristjánssyni. Með því að Kristín aldrei hefur fengið neinn styrk með þessum dóttursyni sínum úr fátækrasjóði, gat nefndin eigi sjeð neina ástæðu fremur nú en að áður, að gefa henni með ~~því~~ barni þeim. Sá styrkur, sem hún hefur áður fengið úr fátækrasjóði, hefur verið styrkur til hennar sjálfrar, en nú verður fátækranefndin svo á að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

líta, sem hagur hennar sje orðinn svo góður, að hún þurfi eigi styrksins framar með.

2. Sigurbjörg Sigurðardóttir á Miðgrund biður í brjefi 12. þ.m. um 5 kr. mánaðarlegan styrk. Henni voru veittar 7½ kr. fyrir apríl og hálfan maí, en lengur var styrk eigi lofað.

3. Þorsteinn bakari, eða kona hans í hans nafni, biður um þriggja mánaða húsaleigu frá 14. d. maím. næstkomandi. Ákveðið, að nefndin skyldi ábyrgjast húsaleiguna, en reyna að ná henni aptur hjá J. O. V. kaupmanni með því að Þorsteinn væri á þeirri skútu hans.

4. Marteinn Teitsson frá Klausturhólum biður í brjefi 12. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið veitt, með því skilyrði, að hann kongalíst, þegar ~~er~~ hann settist að hjer í bænum.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. HKriðriksson.

Björn Jónsson. Olafur Olafsson

Ár 1889, fimmtudaginn 11. dag aprílmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 9. þ.m. skýrir G. Erlendsson frá, að hann geti eigi haldið Jón garðyrkjumann fyrir minna en 16–17 kr. um mánuðinn. Samþykkt, að veita honum 16 kr. um mánuðinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Pjetur Grímsson biður í brjefi 25. þ. m., að fátækranefndin vildi borga fyrir sig húsaleigu næsta krossmessu-ár, 2 kr. 75 a. um mánuðinn, og var því lofað.
3. Jón Thorsteinsson á Grímsstöðum tilkynnir fyrir hönd Sigríðar Auðunsdóttir, að hún geti eigi haldið Hinrik Árnason lengur, en hún býðist til að taka annan ómaga, svo sem Sigríði Þorkelsdóttur, sem er hjá Markúsi Þórðarsyni, og mundi hún taka hana fyrir 9 kr. um mánuðinn. Ákveðið var að koma Hinriki Árnasyni fyrir hjá Þorsteini Gamalíelssyni fyrir 35 kr. um ~~mánuðinn~~ árið, en tala við Markús, fyrir hvað hann vildi halda Sigríði Þorkelsdóttur minnst, áður en afráðið væri, hvort hana skyldi flytja til Sigríðar Auðunsdóttur.
4. Friðrik Jónsson frá Breiðabólstað í Vesturhópi biður í brjefi 3. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Beiðninni var neitað, með því að hann væri bláfátækur uppflosningur.
5. Þorbergur Eiríksson (sbr. fund 14. þ. m.) endurnýjar tómthúsmennsku-beiðni sína, og sendir vottorð um eignir sínar. Leyfið var veitt með vanalegu skilyrði.
6. Stefán Guðmundsson, trjesmiður, í Vogum biður í brjefi 8. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bænum. Beiðninni neitað að sinni, fyr en hann gefi nákvæma skýrslu um alla sína hagi.

7. Amtmaður biður í brjefi 6. þ.m. um álit nefndarinnar um kvörtun Árna Árnasonar á Skógtjörn á Álptanesi um synjun nefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi handa honum hjer í bænum. Ákveðið, að halda ~~fastri~~ hinni fyrri ákvörðun nefndarinnar í þessu máli, með því, að Árni hefði alls engar nýjar skýrslur komið með um hagi sína, svo að hún hefði ástæðu til, að veita leyfið fremur nú en áður.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson
Ólafur Ólafsson

Ár 1889, fimmtudaginn 25. dag aprílmánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður skýrði frá, að Markús Þórðarson vildi halda Sigríði Þorkelsdóttur fyrir 12 kr. um mánuðinn, og var það samþykkt, í þeirri von, að Markús ~~[illegible]~~ heimti eigi hærri meðgjöf, þótt hún lasnaðist nokkuð úr því sem hún nú er.

2. Í brjefi 20. þ.m. endurnýjar Stefán Guðmundsson bón sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sjá næsta fund á undan), og skýrir frá ástæðum sínum. Nefndin gat eigi veitt leyfið eptir öllum ástæðum.

3. Marteinn Teitsson skýrir frá, að barnsmóðir hans sje komin til Ameríku, og geti hann eigi kvangast henni. Fátækranefndin ákvað, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svara honum því, að hún gæti eigi leyft honum, að búa hjer í bænum ógiptum með unnustu sinni.

4. Pjetur T. Tómasson frá Brekkukoti í Húnavatnssýslu biður í brjefi 24. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt með vanalegu skilyrði, að hann kvongaðist í vor.

Fundi slitið.

~~Halldór Daníelsson~~ ~~H. Kr. Friðriksson~~

Björn Jónsson Ólafur Ólafsson

Ár 1889, fimmtudaginn þ. 9. maí var fundur haldinn í fátækranefndinni. —

1. Síra Stefán Thorarensen biður í brjefi 7. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi handa Guðmundi Jónssyni frá Skála í Garði. — Með því að upplýsingar þóttu vanta um efnahag Guðmundar þenna og háttemi, var málinu frestað til næsta fundar til að útvega nánari skýringu í þeim efnum. —

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson Björn Jónsson. G. Þórðarson

Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1889, fimmtudaginn 23. dag maímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 23. þ. m. biður Einar Guðmundsson um 5 kr. mánaðarlegan styrk sökum veikinda konu hans. Styrkurinn var veittur, en hann skyldi jafnframt taka son sinn meðgjafarlaust, svo framarlega sem Einar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aravon vildi eigi halda drenginn með gjafarlaust framvegis.

2. Ástríður Erlendsdóttir á Félutjörn biður um 2 kr. 50 a. húsaleigustyrk með Sigríði tengdamóður sinni um mánuðinn. Henni voru veittar 2 kr.

3. Dórothea Jónsdóttir biður í brjefi 22. þ. m. um húsaleigustyrk, 24 kr. um árið. Styrkurinn var veittur, unz öðruvísi skipaðist.

4. Ákveðið var, að borga húsaleigu fyrir Sigurbjörgu Sigurðardóttir á Grund með 2 kr. um mánuðinn.

5. Ásmundur Guðmundsson í Ananaust um biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt, með því skilyrði, að hann kvongist.

6. Guðrún Gísladóttir á Vatni biður í brjefi 18. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

7. Ákveðið var, að láta Valgerði, dóttur Jóns Arngrímsdóttur, halda áfram hjá Þjóðbjörgu Bjarnadóttur fyrir sömu borgun og áður.

8. Björn ritstjóri Jónsson gjörði þá uppástungu, að biðja amtmann að gjöra Einar Ólafsson ómyndugan, og að honum verði skipaður fjárhaldsmaður. En sú uppástunga var felld að sinni.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson
Ólafur Ólafsson Þórður Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1889, fimmtudaginn 13. júní var fundur haldinn í fátækranefndinni.

1. Í bréfi 2. júní biður Valgerður Guðnadóttir um eptirgjöf á skuld þeirri sem hún stendur í við fátækrasjóðinn fyrir framfæri dóttur hennar Sigríðar Rósu Pálsdóttur, en sú skuld er nú orðin nærfelt 270 kr. — Nefndin samþykkti þessa beiðni Valgerðar með því skilyrði, að fátækrasjóðurinn væri laus við að greiða meðlag með dóttur hennar frá 1. júlí næstkomandi.

2. Eyvindur Jónsson kvartar yfir því í bréfi 27. f. m. ~~yfir því~~ að húsaleiga fyrir Sigurð Eiríksson hafi verið lækkuð úr 4 kr. í 3 kr. við síðustu nýár, og krefst að Sigurði verði komið annarstaðar fyrir, ef eigi verði eigi borgaðar 4 kr. um mánuðinn ~~með~~ frá ársbyrjun. Samþykkt var að ganga að því að borga Eyvindi 4 kr. frá ársbyrjun um mánuðinn í húsaleigu fyrir Sigurð.

3. Reikningur frá Þórði Torfasyni fyrir fátækraflutning á Kristínu Vigfúsdóttur, að upphæð 3 kr., var samþykktur. —

4. Andrés Þorleifsson frá Eiðsstöðum í Húnavatnssýslu biður um tómthúsmannsleyfi í bréfi 24. f. m. Með því að engin skilríki fylgdu beiðni þessari um efnahag og ástæður beiðandans, var honum synjað að sinni.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson

Björn Jónsson Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1889, fimmtudaginn 27. dag júnímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Ekkju Jóns Jónatanssonar, látn., Ragnheiði Vigfúsdóttur, voru ætlaðar framvegis fyrst um sinn 16 kr. 66 a. um mánuðinn, eða 200 kr. um árið frá 1. degi næsta mánaðar.

2. Forseti skýrði frá, að hann hefði fengið afganginn af bæjarverði Odds Þórarinssonar, 40 kr., en Jón Guðmundsson í Bræðraborg beiddi að fá þetta fje upp í skuld Odds til sín. En fátækranefndinni þótti eigi ástæða til þess, þar sem skuld Odds til fátækrasjóðs væri yfir 200 kr.

3. Þórunni Einarsdóttur, á Akranesi, höfðu verið ætlaðar til meðlags að eins 40 kr. í þeirri von að hún gæti staðfest í vor; en með því að stúlka þessi er að eins 13 ára, hefur hún eigi orðið staðfest, og verður því að hækka meðgjöfina með henni upp í 80 kr. um árið.

4. Daníel Guðnason biður enn um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var lagt fram vottorð frá E. Eggertssyni, hreppstjóra í Engihlíðarhreppi í ~~Engihlíðar~~ Húnavatnssýslu, að hann ætti rúmar 400 kr. skuldlaust. Leyfið var veitt.

5. Odd~~höss~~ Oddsson á Bakkakoti á Seltjarnarnesi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað, uns hann skýrði frá efnahag sínum.

6. Jón Guðmundsson (sjá fund 23. ág. 1888) biður enn um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt, með því skilyrði að hann [flytji] hingað til nú þegar í haust.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson G. Þórðarson Ólafur Ólafsson

Þórður Torfason

Ár 1889, fimmtudaginn 11. dag júlímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Ákveðið, að koma Ólafi Guðlaugssyni og konu hans með næstu ferð strandferðaskipsins vestur á Dýrafjörð til sjera Þórðar Ólafssonar, sonar hans.
2. Þorkell Sigurðsson á Melnum vill fá 1 kr. 33 a. viðbót á meðgjöf með móður sinni. En honum var synjað um þessa viðbót.
3. Oddur Oddsson (sjá næsta fund á undan) sendir skýrslu um fjárhag sinn. En með því að nefndin vissi eigi betur, en að hann ætlaði að verða lausamaður, vísaði nefndin honum frá sjer að svo komnu.
4. Gróa Rögnvaldsdóttir biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, í brjefi 10. þ.m. Henni var synjað um þetta leyfi, þar sem hún væri þurfamaður annarar sveitar.
5. Ólafur Þorsteinsson úr Grafningi biður í brjefi 10. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum á næsta hausti. Leyfið var veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson

Þórður Torfason Ólafur Ólafsson

Ár 1889, fimmtudaginn 25. dag júlímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Rætt var um flutning á Ólafi Guðlaugssyni og konu hans til sjera Þórðar á Gerðhömrum. Ákveðið var, að lofa þeim hjónum vera til 2. d. októbersmánaðar næstkomandi, með því móti, að þau þá fari góðfúslega, svo framarlega sem eigi fengist vissa fyrir því, að ~~hann~~ þau ~~gæti~~ yrði eigi upp á sveitarstyrk komin næsta ár.
2. Því næst var afráðið, að krefjast eigi að svo stöddu skuldar Tobíasar Tobíassonar, 40 kr., af Akraneshreppi, þar sem hann á sveit.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fredriksen. Ólafur Ólafsson
Þórður Torfason

Ár 1889, fimmtudaginn 8. dag ágústmánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður bar upp reikning frá Önnu Þorsteinsdóttur, 33 kr. 15 a., fyrir hjúkrun og umönnun á Diðriku Holter í 39 daga. Reikningurinn var samþykktur.
2. Formaður skýrði frá, að hann hefði gjört ráðstöfun til að gjöra ~~nauðsynle~~ ~~ráðstöfun~~ ~~til~~ nauðsynlegar aðgjörðir á húsi Sigríðar Helgu Auðunsdóttur á Grímsstaðaholti.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fredriksen. Björn Jónsson
G. Þórðarson Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1889, fimmtudaginn 22. dag ágústmánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður bar fyrst undir nefndina, hvað gjöra skyldi við Björn í Skálholtskoti, sem væri vitfirrtur; gat hann þess, að hann hefði komið honum fyrir hjá Benidikt Samsonssyni fyrst um sinn gegn 3 kr. um dag hvern. Ákveðið var, að flytja hann sem fyrst landveg á sveit sína, ef auðið yrði.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~Fr~~ Friðriksson. G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson

Ár 1889, fimmtudaginn 12. dag septembermánaðar átti fátækranefndin fund með sjer, og var sjera Þórhallur Bjarnarson á fundinum sem hlutaðeigandi prestur.

1. Fyrst var tekið fyrir, að gjöra uppástungu um það, hver börn skyldu fá styrk úr Thorkillii sjóði, og voru þau þessi:

5

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Anna Lovísa Steinsen | f. | 23/10 – 76 – | 20 Kr |
| 2. | Elín Magnúsdóttir | f. | 12/8 – 76 – | 20 – |
| 3. | ~~Gunnlaugur Sigurðsson~~ [illegible] | ~~f.~~ | ~~5/4 – 76 –~~ | ~~20 –~~ |
| Guðl. Ásmund. [illegible] 4. | Kristín Þorsteinsd. | f. | 1/6 – 76 – | 20 – |
| Guðm. Brekkuh. 5. | Sigríður Guðmundsd. | f. | 21/6 – 76 – | 20 – |
| + 6. | Katrín Elísab. Hafliðad. | f. | 26/2 – 76 – | 20 – |
| 7. | Júlíana Guðrúna Guðmund. | f. | 3/7 – 77 – | 20 – |

Flyst 140 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Flutter | | | | | 140 |
| 8. | Pjetur Guðmundsson | Guðm. vaktari | f. | 11/9 | 78 | 20 Kr |
| 9. | María Guðmundsdóttir | sama | f. | 17/2 | 80 | 20 |
| 10. | Ingimundur Jónsson frá Dúkst. | | f. | 24/2 | 76 | 20 |
| 11. | Árni Sigurðsson á Steinsholt | | f. | 10/1 | 76 | 20 |
| 12. | Björg Gísladóttir á Bakka | | f. | 27/7 | 77 | 20 |
| ~~13.~~ | ~~Ragnheiður Bjarnadóttir~~ | | ~~f.~~ | ~~8/8~~ | ~~76~~ | ~~20~~ |
| 14. | Sigurður Magnússon, á Miðseli | | f. | 8/1 | 76 | 20 |
| 15. | Jónína Guðný Guðnadóttir | | f. | 1/2 | 80 | 20 |
| 16. | Jón Antonsson | | f. | 28/8 | 78 | 20 |
| 17. | Jón Hjaltalín Sigurðsson | | f. | 15/10 | 78 | 20 |
| 18. | Guðný Hermannsdóttir | | f. | 4/5 | 75 | 20 |
| 19. | Margrjet Egilsdóttir | | f. | 5/7 | 75 | 20 |
| 20. | Nikulás Baldvin Jakobsson | Ingibj. Sels | f. | 28/8 | 78 | 20 |
| 21. | Stefanía Stefánsdóttir | Miðbýli | f. | 7/12 | 77 | 20 |
| 22. | Kristín Jónsdóttir í Dúkst. | | f. | 17/4 | 77 | 20 |
| 23. | Sigríður Eyvindsdóttir | Eyv. Steinh. | f. | 28/11 | 76 | 20 |
| 24. | Þuríður Kristjánsdóttir | Mar. J. Arnad. | f. | 14/2 | 78 | 20 |
| 25. | Carolína Rósa Siemsen (13 ár) | | f. | " | " | 20 |
| 26. | Guðlaug Jónsdóttir í Dúkst. | | f. | " | " | 20 |
| 27. | Sigríður Benidiktsdóttir | Magnússon | f. | " | " | 20 |
| 28. | Ragnhildur Egilsdóttir | | f. | " | " | 20 |
| 29. | Hans Ingi Hoffmann | | f. | " | " | 20 |
| 30. | Guðrún Ólafsdóttir | Helga Pald. | f. | " | " | 20 |
| 31. | Hólmfríður Pjetursdóttir | Gíslason | f. | " | " | 20 |
| 32. | Tryggvi Bjarnarson | | f. | 17/11 | 77 | 20 |
| 33 | Magnús Sigurðsson | Magnúss. | f. | " | " | 20 |
| 34. | Rósa Jónsdóttir (Ásmundar) | | f. | 13/11 | 76 | 20 |
| 35. | Ragnheiður Jónsdóttir (Skipholti) | | f. (11 ár) | " | " | 20 |
| 36. | Guðmundur Sofus Gunnlaugs. | Mangúss. | | " | " | 20 |
| 37. | Halldóra Guðrún Magnúsd. | Ólafsson | f. (11 ár) | " | " | 20 |
| 38. | Jörgína Gísladóttir | | f. (12 ár) | | " | 20 |
| 39. | Guðrún Gísladóttir | | f. 10 ár) | | " | 20 |
| | | | Flyt | | | 790 Kr. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Flyt. | 740 kr |
| 40. | Björg Magnúsdóttir á Miðseli f. (12 ára) | | 20 — |
| 41. | Edward Siemsen (12 ára) f. | | 20 — |
| 42. | Björg Magnúsdóttir ~~á~~ á Arnarnesi (10 ára) | | 20 — |
| 43. | Guðfinna Jónsd. í Mýrarholti | | 20 — |
| 44. | Kristjanía Jónsdóttir (Björnsst.) | | 20 — |
| 45. | Jón Sigurðsson (í Regningarhúsi) 12 ár | | 20 — |
| × 46 | Kristín Sigurðardóttir (á sama stað) 11 ár | | 20 — |
| × 47. | Sigurður Guðmundsson. Ofanleiti | | 20 — |
| 48. | Sigríður Karolína Sveinsdóttir | | 20 — |
| 49. | Hannes Jónsson (Selskoti) (13 ára) | | 20 — |
| | | Samtals | 960 — |

2. Ákveðið, að fá Þorkel Eiríksson gjörðan ómyndugan, og svipta hann fjárforræði, og fela Gunnari Gunnarssyni fjárhald hans.

3. Katrínu Árnadóttur var veittur húsaleigustyrkur, 1 kr. 50 a. um mánuðinn frá 1. október næstkomandi til 14. maí 1890. —

4. Guðrún Ragnheiður Snorradóttir biður í brjefi ~~[illegible]~~ í dag um tómthúsmennskuleyfi sjer í bænum; en þeirri beiðni var neitað.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fredriksson.
Björn Jónsson G. Þórðarson.
Þórhallur Bjarnarson.
Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1889, þriðjudaginn 16. dag septembermánaðar átti fátækranefndinn fund með sjer, til að semja áætlun um tekjur og gjöld fátækrasjóðsins næsta ár, og var hún þannig:

A. Tekjur.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Tíund var áætluð . . . . . . . . | 130 kr. |
| 2. | Sektir og gjafir . . . . . . . . | 150 – |
| 3. | Hundaskattur . . . . . . . . | 20 – |
| 4. | Endurborgun frá öðrum sveitum . . . | 700 – |
| 5. | Endurgjald frá innansveitarmönnum | 300 – |
| | Samtals | 1300 kr. |
| 6 | Borgun fyrir seldar sveitar ómaga . . . | 50 – |
| | Samtals alls | 1350 kr. |

B. Útgjöld.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Til fastra ómaga . . . . . . . . | 5400 kr |
| 2. | – þurfamanna . . . . . . . . | 2800 – |
| 3. | – vitstola . . . . . . . . | 800 – |
| 4. | – greptrunar ómaga . . . . . | 150 – |
| 5. | Lögflutningur þurfamanna . . . | 100 – |
| 6. | Til fátækralyfja og önnur óviss útgjöld. | 300 – |
| 7. | Lán til annara sveita . . . . . | 400 – |
| | Samtals | 9950 kr. |
| | Þar frá dragast tekjurnar . . . | 1350 – |
| | verður þá eptir | 8600 kr. |

sem jafna verður niður á bæjarbúa.

2. Þá var ákveðið, að koma tveimur elztu börnum Jóns Jónssonar lóðs fyrir.
3. Eyjólfi Pálssyni var ákveðið hjálpa um eldivið
4. Guðrúnu Bergþórsdóttur voru veittar 10 kr. í viðból með Guðmundínu Guðmundsdóttur.
5. Ranveigu Jónsdóttur voru veittar 15 kr. til eldiviðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Halldóri Sigurðssyni voru veittar að láni styrkur til að koma upp bæ sínum, sem síðar skyldi ákveðinn eptir ástæðum.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson
G. Þórðarson Ólafur Ólafsson
Þórðar Torfason

Ár 1889, fimmtudaginn 26. dag septembermán. átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaðurinn lagði fram brjef frá amtmanni Jónassen, 24. þ. m., þar sem beiðist álits fátækranefndarinnar um kæru Guðrúnar Ragnheiðar Snorradóttur frá Knútsborg á Seltjarnarnesi (sbr. fund 12. sept.), og var ákveðið, að hún væri svo fátæk, að nefndin ætlaði, að hún gæti eigi til lengdar haft hjer ofan af fyrir sjer án styrks; enda beiddi hún eigi um lengri vist hjer en til vorsins; og gæti það eigi talist neinn eiginleg búsetuleysismannskrafa.

2. Oddur Oddsson á Sellandi sendir reikning fyrir hjálp hans við Jón Ólafsson í Suðurkoti frá 12. ágúst til 26. sama mánaðar, 66 aura um dag, eða samtals 9 kr. 24 a., og var reikningurinn samþykktur.

3. Sigurbjörg Sigurðardóttir á Grund biður um styrk til eldiviðar og fóðra o. fl. Henni var heitið styrk, eptir því sem nauðsyn bæri til.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1889, fimmtudaginn 10. dag oktobermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaðurinn lagði fram tilboð frá L. Hansen og G. Finnbogasen til að láta fátækranefndina fá nauðsynlegar vörur til þurfamanna í vetur fyrir tiltekið verð. Var samþykkt að ganga að boðum L. Hansens, með því að verðið þar var á flestu lægra, en hjá Finnbogasen, nema kolum og steinolíu; það var nokkru verðhærra.

2. Formaður gat þess, að ekki hefði getað orðið úr giptingu Torfa Vigfússonar og Valgerðar Guðmundsdóttur, (sbr. fund 13. júní þ.á., og yrði því með barni Valgerðar að halda áfram sem áður.

3. Þá gat formaður þess, að hann hefði orðið að láta greiða úr fátækrasjóði fargjald fyrir Ólaf Guðlaugsson til Dýrafjarðar og konu hans til Seyðisfjarðar; en auk þessa hefði hann orðið að greiða flutning þeirra út á gufuskipið, og flutning á munum þeirra á skipið, samtals 21 kr. 45 a., og var það samþykkt, að greiða það úr fátækrasjóði.

4. Dreng Jóns heitins Jónssonar lóðs, er var komið fyrir hjá Gísla Bjarnasyni (Sigurgeiri) dýralækni.

5. Ákveðið var að útvega Vergeríði, dóttur Jóns Arnljótsdóttur til kennslu í vetur fyrir 2 kr. um mánuðinn, og hafði Ólafur Ólafsson útvegað kennslustaðinn.

6. Samþykkt var að hjálpa Jóni Jónssyni (skanka) um brók fyrir 6 kr., til þess að hann gæti róið á haustvertíðinni.

Arni á fundi

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson
G. Þórðarson Ólafur Ólafsson
Þórður Guðmundsson

Ár 1889, fimmtudaginn 24. dag októbermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Helga Sigríður Auðunsdóttir biður um viðbót við þær 10 kr. um mánuðinn, sem hún nú hefur, og vill fá 15 kr. um mánuðinn. Henni voru veittar 2 kr. í viðbót um mánuðinn til vorsins.

2. Guðrún Sigurðardóttir var sögð til sveitar, og var ákveðið að veita henni styrk, eins og nauðsyn bæri til.

3. Sigurbjörgu Sigurðardóttur voru lofaðar 2 kr. um mánuðinn til húsaleigu, svo framarlega sem hún þyrfti að flytja.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson.
G. Þórðarson Þórður Guðmundsson
Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1889, fimmtudaginn 14. dag nóvembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 13. þ.m. biður Þorkell Sigurðsson á Melnum um styrk handa sjer. Ákveðið var að hjálpa honum eptir sem nauðsyn beri til.
2. Í brjefi 13. þ.m. biður Ragnheiður Einarsdóttir um niðurfall á skuld hennar til fátækrasjóðs, 116 kr., gegn því að hún borgi 20 kr. af skuldinni. Ákveðið var að gefa henni upp 100 kr., gegn því, að hún taki að sjer barn sitt, sem skuldin er risin af, án allrar meðgjafar úr fátækrasjóði framvegis.
3. Sveinn Jónsson í Vesturgötu biður í brjefi 13. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt frá næstu krossmessu.
4. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson

H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson Ó. Þórðarson

Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1889, fimmtudaginn 28. dag nóvembermán., átti fátækrastjórnin fund með sjer.

1. Í brjefi 25. þ.m. biðja þeir synir Jóns Ingimundar-syni biðja um lán til endurbyggingar bæ hans á næstkomandi sumri. Þeim var gefinn ádráttur um styrk þennan, svo framarlega sem þeir leggja sitt verk til endurgjaldslaust, þannig að fátækranefndin leggi þeim til fyrir timbur, kalk og járn, en þeir öfluðu grjóts og hlæðu veggina á sinn kostnað.
2. Í brjefi 26. þ.m. biður Jóhann Frímann Jóhannsson um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Með því auðsjeð var á brjefinu

að Jóhann sjeni er bláfátækur, og að minnsta kosti taldi engar eigur sínar, þá sá nefndin sjer eigi fært, að veita hið umbeðna leyfi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. M. Friðriksson. G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson

Ár 1889, fimmtudaginn 12. dag desembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi, dags. í dag, biður Pjetur Illugason um 10 kr. mánaðarlegan styrk. Ákveðið var, að hjálpa honum eptir þörfum.
2. Stefán Arnbjörnsson biður í brjefi 10. þ.m. um 28 kr. 50 a. til að borga skuld til Jóns Þorsteinssonar kaupmanns. En honum var synjað um það lán.
3. Þorvarður Daníelsson biður í brjefi í dag um tómthúsmennskuleyfi, og var það veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. M. Friðriksson. Björn Jónsson
G. Þórðarson Ólafur Ólafsson Þórð. [illegible] Torfason

Ár 1890, átti fátækranefndin fund með sjer, 9. dag janúar, og voru þar viðstaddir allir fátækrastjórarnir.

1. Var þá tekið fyrir ómagatal og meðgjöf með þeim, og sömuleiðis ætlað á um þurfamenn.

I. Ómagar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Guðrún Jónsdóttir – | 14 ár. | hjá Guðnýju Jónsdóttur – | 40 kr. |
| 2. | Vilborg Magnúsd. | 14 – | – Guðm. í Kálfakoti – | 40 – |
| 3. | Guðrún Þorláksd. | 13 – | – Halld. Þórarinsd. á Hausastöð – | (40) 80 – |
| 4. | Helga Emilía – | 10 – | – Guðj. Þórólfssyni – | 80 – |
| 5. | Benid. Guðrúnar. | 12 – | – Margrjetu frá Klettak. | 80 |
| | | | | 320 kr. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einar Zoëga Flutt.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 6. Ingibj. Guðmundsd. | 68 ára. | hjá | Chr. Jónsen | 288 Kr. |
| 7. Ásdís Daðadóttir | 57 | hjá | Þórði Guðmundss. | (114) 90 |
| 8. Guðrún Guðmundsd. | 5 | — | Hans Guðmundss. | 80 |
| 9. Ólafur Guðnason | 11 | — | Ingileifi í Miðgrund | 80 |
| 10. Sigríður Andersd. | 9 | — | Þórði í Norðurkoti | 80 |
| 11. Símonía Indímaynsd. | 18 | — | Helgu Auðunsdóttur | 25 |
| 12. Kristín Ásmundsd. | 62 | — | Torfa prentara | 150 kr. |
| 13. Finnbogi Finnbogas. | 9 | — | Guðrúnu Jónsd. | 80 |
| 14. Þórunn Einarsdóttir | 14 | — | Sigurði Einarssyni | 40 |
| 15. Hallbera Guðmundsd. | 12 | — | Bergi við Varmá | 80 |
| 16. Agnes Jónsdóttir | 77 | — | Sigríði á Bergi | 120 |
| 17. Guðmundur, sonur Guðrúnar Eiríksdótt. | 7 | — | Magnúsi í Laxanesi | 80 |
| 18. Sigríður Jónsdóttir | 57 | — | Helga Teitssyni | 120 |
| 19. Jónína Guðrún Jónasdóttir | 7 | — | Anton í Vindheimi | 80 |
| 20. Friðrik Guðnason | 6 | — | Skúla á Eiðsstöðum | 80 |
| 21. Kristján Haugensen | 83 | — | Magnúsi Einarssyni | 180 |
| 22. Magnús Arason | 58 | — | Christinu í Vindheim | 100 |
| 23. Magnús Magnússon | 6 | — | Guðlaugu í Þorgrímsholti | 80 |
| 24. Kristján Jóhannes. | 9 | — | Erlendi á Breiðaból. | 30 |
| 25. Oddur Siggeirss. | 10 | — | Kristj. á Sölmundarh. | 60 |
| 26. Kristjana Jóhannesd. | 5 | — | Pjetri og ekkju á Bala, Rannveigu Gísla d. | 80 |
| 27. Lydia Angel. Magnúsd. | 6 | — | Sigurði á Frostastöð. | 80 |
| 28. Sigfríður Guðmundsd. | 6 | — | Magnúsi á Eiði | 80 |
| 29. Magnús Magnússon | 75 | — | Guðl. Oddsdóttur | 120 |
| 30. Jón Kristjánsd. | 6 | — | Guðrúnu Steinsd. | 80 |
| 31. Þórður Ásbjarnars. | 73 | — | Þórði í Ráðagerði | 90 |
| 32. Sigríður Pálsdóttir | 13 | — | Torfa í Hafnarfirði | 80 |
| 33. Henrik Árnason | 63 | — | Þorst. Gamalíelssyni | 35 |
| 34. Guðm. Guðmundsd. | 3 | — | Halldóru Árnad. | 80 |
| | | | | 2968 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt 2968

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 35. | Guðrún Guðmundsd. | 8 ára hjá | Kristínu Einarsd. — | 80 Kr. |
| 36 | Ingiríður Einarsd. | 62 — | — Guðmundi á Bala | 60 — |
| 37. | Steinþóra Þorsteinsd. | " — | — Jóni Þorsteinssyni | 26-66 |
| 38. | Sigríður Ólafsdóttir | 66 — | — Jóhannesi Zoëga | 70 — |
| 39. | Jón Jóhannsson | 65? — | — Magnúsi í Viðey — | 40 — |
| 40. | Maria Einarsd. | 13 — | — Torfa prentara — | 80 — |
| 41. | Sigríður Jensdóttir. | 8 — | — Hermanni Guðmundss. | 80. |
| 42. | Guðrún Magnúsdóttir | 7 — | — Þórði í Hólabr. | 80 — |
| 43. | Sigurður Friðriksson. | 11 — | — Jónasi næturverði | 80 — |
| 44. | Sigríður Ólafsd. | 76 — | — Þorkeli á Melnum | 60 — |
| 45. | Jódís Tómasd. | 3 — | — Sigrúnu í Helgabæ | 60 — |
| 46 | Bjarni Jónsson. | — | — Þórði Guðmundssyni | 130 — |
| 47. | Jón Jónsson | " — | — Jóni á Skógtjörn | 24. |
| 48. | Guðmundína Oddsd. | 2 — | — Hermanni Guðmunds. | 80 — |
| 49. | Jóhanna Guðmundsd. | 52 — | — Guðm. í Lágholti | 80 — |
| 50. | Lýður Magnússon | 72 — | — Guðl. Oddsdóttur | 60 — |
| 51. | Kristján Kristjánss. | 66 — | — justitiarius J. P. | 72 — |
| 52. | Sigríður Þorláksd. | 13 — | — Sigríði Bjarnad. | 80 — |
| 53. | Pétur Friðriksson | 7 } | Þórði í Hábæ eystra | 160. |
| 54 | Guðrún Friðriksd. | 5 } | | |
| 55. | Sigurjón Guðmunds. | 1. — | Snorra á Blikast. | 80 — |
| 56. | Oddur Þórarinsson. | " — | Finnboga á Reykjum | 80 — |
| 57. | Sigurgeir Jónsson. | 8? — | Gísla dyraverði | 80 — |
| | | | | 4610-66. |

## II. Þurfamenn

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Jóhann Heilmann . . . . . . . . | 24 Kr. |
| 2. | Vilborg Ólafsdóttir . . . . . . . . | 144 — |
| 3. | Guðrún Þorgrímsdóttir — | 100 — |
| 4. | Sigríður Guðmundsdóttir á Ofanleiti | 72 — |
| | | 340 — |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt 340

5. Margrjet Pálsdóttir . . . . . . . . . . . . 100 kr.
6. Guðbjörg Oddsdóttir . . . . . . . . . . . 100 –
7. Hans Jónsson . . . . . . . . . . . . . . 120 –
8. Kristján Hróbjartsson . . . . . . . . . . 96 –
9. Jón Ingimundsson . . . . . . . . . . . . 80 –
10. Pálína Oddsdóttir . . . . . . . . . . . . 48 –
11. Eggrún Eggertsdóttir . . . . . . . . . . 48 –
12. Elín Sigurðardóttir . . . . . . . . . . . 48 –
13. Helga Auðunsdóttir . . . . . . . . . . . 144 –
14. Sigurbjörg Guðmundsdóttir . . . . . . . 60 –
15. Sigríður Jónsdóttir á Steinsholti – . . . 72 –
16. Gissur Guðmundsson . . . . . . . . . . 60 –
17. Kristín Ásbjarnardóttir . . . . . . . . . 62 –
18. Ragnheiður Sigfúsdóttir . . . . . . . . 200 –
19. Sigríður frá Barði . . . . . . . . . . . 24 –

1602

## III. Húsaleigustyrkur.

1. Sigríður Jónsdóttir í Hlíðarhúsum – 24 kr.
2. Guðlaug Jónsdóttir . . . . . . . . . . . 24 –
3. Sigurður Eiríksson . . . . . . . . . . . 48 –
4. Jóhanna Magnúsdóttir á Vindheimum – 12 –
5. Guðmundur Bjarnason á Grund – – – 48 –
6. Dórótea Jónsdóttir . . . . . . . . . . . 24 –
7. Guðrún Sigfúsdóttir . . . . . . . . . . . 36 –
8. Sigríður Jónsdóttir í Steinsholti – – – 24 –
9. Pjetur Grímsson . . . . . . . . . . . . 33 –
10. Sigurbjörg Sigurðardóttir á Grund . . . 24 –
11. ~~Þól~~ Þorkell Sigurðsson – – – – – – 36 –
12. Þorkell Eiríksson – – – – – – – – – 24 –
13. Guðm. Jónsson í Bræðraborg . . . . . 48 –
14. Marta Markúsdóttir . . . . . . . . . . 24 –
15. Katrín Arnadóttir . . . . . . . . . . . 6 – 75 –

435 – 75

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Vititola

1. Elísabet Egilsdóttir . . . . . . 500 Kr.
2. Ragnhildur Símonardóttir . . . 300 –

800 –

2. Sigurður Jónsson í Móakoti biður í brjefi 18. þ. m. ~~biður~~ um aðrar nauðsynjar sínar það sem eptir er vetrarins. Honum skyldi hjálpa eptir þörfum.

3. Í brjefi 8. þ. m. biður Jóhannes Jensson um að mega að taka að sjer skuldföður sinn til sveitarinnar gegn því að ~~taka~~ ~~að~~ borga hana á 4 árum. Það var veitt.

4. Jósep Jónsson járnsmiður á Lambastöðum biður í brjefi 2. þ. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Honum var synjað um þetta leyfi sökum fátæktar og heilsuleysis.

5. Þorsteinn Þorsteinsson á Veðramóti við Reykjavík biður í brjefi 7. þ. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Málinu frestað, til að fá betri skýringar um, í hverju efni hans sjeu fólgin.

6. Dagfinnur Björn Jónsson á Skaptholti á Seltjarnarnesi biður í brjefi 9. þ. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Málinu frestað til nákvæmari skýringar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson    Björn Jónsson    W. Fridriksson

G. Þórðarson    Ólafur Ólafsson    Þórður Guðmundsson

Ár 1890, fimmtudaginn 23. dag janúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Þorsteinn Gamíelsson hafði í brjefi 8. þ.m. krafist 15 Kr. hækkunar á meðlaginu með Hinriki Árnasyni; en hann fjell þó frá því, til 14. dags maímánaðar í vor.
2. Í brjefi 20. þ. hafði Torfi Vigfússon í Hafnarfirði beðist 30—40 kr. láns af sveitarsjóði; honum voru lánaðar 20 kr., gegn því að hann borgaði það í sumar.
3. Í brjefi 21. þ.m. biður Guðjón Guðmundsson í Garðhúsum um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum; en nefndin gat eigi veitt þetta leyfi sökum fátæktar hans.
4. Guðmundur Guðmundsson í Hvammsvík í Kjós biður í brjefi 12. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í Reykjavík; en með því að nefndin taldi víst, að Guðmundur þessi væri blásnauður maður, og enginn dugnaðarmaður, gat nefndin eigi veitt leyfi þetta.
5. Dagfinnur Björnsson (sjá næsta fund á undan) sendir skýrslu um eigur sínar, er virtar af Ingjaldi og Pjetri Sigurðssonum. En málinu var enn frestað.
6. Nefndinni kom saman upp að stinga upp á Ólafi Björnssyni á Bakka til fátækrafulltrúa í stað Gunnlaugs Pjeturssonar, sem kosinn var bæjarfulltrúi.

Fundi slitið.

7.

Halldór Daníelsson

H.Kr. Friðriksson

Björn Jónsson. Ólafur Ólafsson G. Þórðarson

Þórður [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1890, fimmtudaginn 13. dag febrúarmán. átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Finnbogi Árnason ~~Finnbogason~~ heimtar í brjefi 6. þ.m. 10 kr. um mánuðinn fyrir Odd Þórarinsson, og var það samþykkt, að borga Finnboga þessa meðgjöf, meðan Oddur væri eins veikur og hann nú er.
2. Hans Jónsson í Grímsbæ biður í brjefi í ódagsettu brjefi um sama styrk og hann hefði áður ~~hafði~~ haft (sbr. fund 9. f.m.), ella yrði að koma börnunum fyrir. Ákveðið var, að auka eigi tillagið að sinni, en ábyrgjast heldur, þegar þar að kæmi, húsaleigu fyrir hann.
3. Einar Ólafsson biður um, að fá húsaleigu frá 1. janúar þ. á. til 14. maí í vor, sem sje óborguð. Ákveðið var ábyrgjast þessa húsaleigu.
4. Guðmundur Jónsson í Bræðraborg biður í brjefi 11. þ.m. um 50 kr. lán núna fyrir vertíðina. Honum var veitt þetta lán.
5. Ólafur Jónsson biður í brjefi 11. dag febrúarmánaðar um styrk til húsaleigu ~~frá~~ frá 14. d. maímánaðar í vor. Nefndin ákvað, að gefa honum von um þennan styrk, þegar hann væri búinn að útvega sjer húsnæði.
6. Dagfinnur Björn Jónsson hafði beðið um tómthúsmannsleyfi (sjá fund 9. f.m.), og höfðu þeir Ólafur Ólafsson, Guðmundur Þórðarson og Gunnar Gunnarsson skoðað muni hans, og virt þá á 350 kr.; en skuldir hans ~~voru~~ 60 kr. að hann sagði. Honum var synjað um hið beðna leyfi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Þorsteinn ~~Þórðarson~~ Þorsteinsson á Veðramóti (sjá næsta fund hjer á undan) sendi vottorð um muni sína frá Bjarna trjesmið Jónssyni, og eptir því námu þeir munir fullum 400 kr., en með því að þessi skýrsla þótti eigi áreiðanleg, var beiðni Þorsteins synjað.

8. Þorsteinn Þórðarson í nr. 10 við Vesturgötu biður í brjefi 27. f.m. um tómthúsmennskuleyfi. Honum var veitt leyfið með því skilyrði að hann giptist innan hausts.

9. Sigurður Ámundason frá Apavatni í Árnessýslu biður í brjefi 12. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað að þessu sinni.

10. Amtmaður biður í brjefi dags. 8. þ. um skýrslu og ástæður fyrir synjun sinni á tómthúsmennskuleyfi fyrir Jóhann Frímann Jóhannsson, og sendir ýms vottorð um hagi sína, og þar á meðal vottorð frá dr. J. Jónassen um, að hann greiði ábyrgðargjald til lífsábyrgðarstofnunarinnar í Kaupmannahöfn. Honum hafði verið synjað um leyfi til tómthúsmennsku hjer í bænum, með því að hann væri blásnauður; og ~~álitið~~ var nefndin á sömu skoðun enn, að hann ætti eigi að fá tómthúsmennskuleyfi. (Sbr. fund 26. dag janúarm. 1888).

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson
G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson
Þórður Torfason

Ár 1890, fimmtudaginn 27. dag febrúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 26. þ. m. biður Runólfur Árnason um, að fátækranefndin vildi veita honum húsaleigustyrk, þar eð hann annars yrði að flytja ~~honum~~ burt, þaðan sem hann nú væri, í Konráðshúsi. Ákveðið var, að veita honum 2 kr. um mánuðinn frá 14. degi marsmánaðar næstkomandi, ef á þyrfti að halda; en ábyrgjast þenna húsaleigu við húseiganda.
2. Þorkeli Sigurðssyni var heitið, að ábyrgjast 3 kr. um mánuðinn húsaleigu fyrir hann, sem Gunnar Gunnarsson bauð fram.
3. Hreppsnefndin í Hraunhrepp biður í brjefi 13. þessa mánaðar, að fátækranefndin hjer vildi leyfa Kristjáni Andrjessyni að vera hjer í bænum en þeirri beiðni var synjað.
4. Sigurði Ámundasyni (sjá næsta fund hjer á undan) var veitt bæjarleyfi, með því skilyrði, að hann kvongaðist kvennmanni þeim, sem honum fylgir, innan hausts.
5. Amtmaður biður í brjefi 20. þ. m. um umsögn fátækranefndarinnar um kæru (Dagfinns Jónssonar yfir synjun hennar um tómthúsmennskuleyfi handa honum (sjá næsta fund á undan). Ákveðið var, að rita amtmanni skýrslu um hagi Dagfinns, og hald að öðru leyti við skoðun nefndarinnar áður, að ~~hann ætti~~ Dagfinnur ætti eigi að fá tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Friðriksson. Björn Jónsson

Þórður [illegible] [illegible] [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1890, fimmtudaginn 13. dag marzmánaðar, átti
fátækranefndin í Reykjavík fund með sjer.

1. Í brjefi 12. þ.m. skýrir Þorkell Sigurðsson frá, að hann
gæti eigi notað herbergi það, sem Gunnar Gunnarsson
hafði boðið honum (sjá næsta fund á undan). Málinu
frestað.

2. Jóhannesi Zoëga veittar 12 kr. upp í legukostnað
Sigríðar Ólafsdóttur.

3. Í brjefi 28. febr. tilkynnir amtmaður, að hann hafi
veitt Jóhanni Frímanni Jóhannssyni tómthús-
mennskuleyfi hjer í bænum.

4. Í brjefi 3. þ.m. tilkynnir amtmaður, að hann hafi
veitt Dagfinni Birni Jónssyni tómthús-
mennskuleyfi hjer í bænum frá næsta vori.

5. Otti Guðmundsson í Engey biður í brjefi
5. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í
bænum, og var leyfið veitt.

6. Þórður Pjetursson í Oddgeirsbæ sækir um tómthús-
mennskuleyfi hjer í bænum handa Jóni Helga-
syni í Kothúsum, með bústýru og 3 börnum
þeirra. Honum var veitt leyfið með því skilyrði,
að hann gengi að eiga þessa bústýru sína,
áður en hann flytti sig hingað til bæjarins.

7. Guðrún Ófeigsdóttir biður í brjefi ~~hjer~~
12. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í
bænum. Leyfið var veitt.

8. Sjera Þorkell Bjarnason biður í brjefi 1. þ.m.
um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum
handa Gróu Arnþórsdóttur á Brándar-
stöðum í Kjós. En með því að hjer gat eigi
verið að ræða um húsmennsku, heldur lausa-
mennsku, var málinu frá vísað.

9. Árni Árnason skýrir frá, að Ólafur Björnsson á
Bakka vilji eigi framvegis hjá sjer hús, nema

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því að eins, að fátækranefndin losaði hann við alla ábyrgð út af veru Árna hjá honum þeim eð Árna var veitt.

9. Þórður Guðmundsson neitar, að halda Ásdísi Daðadóttur lengur fyrir minna en 12 kr. um mánuðinn. Málinu frestað til næsta fundar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Hr. Friðriksson. Björn Jónsson
Ólafur Ólafsson

1890, fimmtudaginn 27. dag marzmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi dags. í dag biður Þorsteinn Jónsson (bakari) um húsaleigustyrk, að minnsta kosti 2 kr. um mánuðinn, eins og áður, frá 1. janúar þ. á. Honum var veittur hinn umbeðni húsaleigustyrkur frá 1. degi aprílmánaðar.

2. Formaðurinn skýrði frá, að Þorsteinn Gamalíelsson vildi taka Ásdísi Daðadóttur frá 14. d. maímánaðar ~~fyrir~~ 10 kr. meðlag um ~~mánuðinn~~, og var það samþykkt.

3. Kristinn Guðmundsson biður í brjefi ~~í brjefi~~ 26. þ. m. um leyfi til að vera hjer í vinnu 4 mánuði í sumar, gegn því að hann greiði hæfilegt gjald til bæjarsjóðs. Fátækranefndin taldi sjer það óviðkomandi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Jóhannes Jónsson (prokurator) biður í brjefi 18. þ.m. um tómthúsmennsku-leyfi hjer í bænum. Nefndin sá sjer ekki eigi fært, að veita hið umbeðna leyfi. —

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. A. Fridriksson.

Björn Jónsson. Ólafur Ólafsson

Ár 1890, þ. 24. apríl átti að vera fundur í fátækranefndinni, en þar eð eigi mættu aðrir en Björn Jónsson og Ólafur Ólafsson varð eigi af fundinum.

Halldór Daníelsson

1890, fimmtudaginn 8. dag maímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður gat þess, að hann gæti eigi útvegað mann, til að gæta og vaka yfir Jóhannesi Guðmundssyni, vitskertum. Ákveðið var, að koma honum fyrir ef auðið væri, og skyldi heyrast fyrir hjá ýmsum um það.
2. Pjetri Ásmundssyni var lofað, að nefndin skyldi ábyrgjast húsaleigu fyrir hann í Melshúsum, 2 kr. um mánuðinn, að svo miklu leyti, sem hann gæti eigi borgað hana.
3. Í brjefi 11. f.m. biður Jón Geirsson frá Meðalstöðum í Kjós ~~biður~~ um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið veitt, ef skýrsla hans reyndist sönn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Barni Maríu Magdalenu Pjetursdóttur, var komið hjá Erlendi Þorsteinssyni á Leirvogstungu gegn vanalegri meðgjöf 80 kr. (Pjetri Gunnarssyni á Lái)
5. Dóttur Pjeturs Illugasonar, Andríönu hafði verið komið fyrir hjá Guðmundi Guðmundssyni á Vegamótum gegn 60 kr. um árið.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. M Kristriksson. Björn Jónsson
Þórður Þórðarson. Gestur Þórðarson
Olafur Olafsson

Ár 1890, fimmtudaginn 22. dag maímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi dags. 17. þ.m. biður Sigurður Bjarnason frá Garðhúsum um styrk bæði til lífsuppeldis og til að koma upp skýli yfir sig. Málinu frestað, til að leita hjálpar handa Sigurði hjá nánustu ættingjum hans.
2. Guðrún Jóhannesdóttir í Móakoti biður um 10–14 kr. styrk um mánuðinn. Hún hefir 5 kr. um mánuðinn núna. Ákveðið var, að láta hana fá 8 kr. um mánuðinn fyrst um sinn í sumar.
3. Í brjefi, dags. 28. apríl skýrir amtmaður frá, að hann hefði úrskurðað, að kaup hvers líkmanns, þeirra er höfðu grafið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Þorsteinsson að Hvanneyri, skyldi vera 3 kr., og Reykjavík beri því að borga enn 6 kr. í viðbót ~~ev~~ við það, sem hún hafði áður borgað.

4. Úrskurðir nokkrir reikningar:

a, Til Finnboga á Reykjum. 29 kr. 80 a
b, — þeirra, sem vöktu yfir Jóhanni Guðmundssyni (vitlausum. ~~13~~ 15 kr. — a
c, — þeirra, sem vöktu yfir Guðrúnu, var samþykkt að gefa hverri um daginn 1 kr.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson  H. Kr. Friðriksson.  Björn Jónsson
Ólafur Ólafsson

Ár 1890, 12. dag júnímán. var fundur haldinn í fátækranefndinni.

1. Nefndin samþykkti að styrkja Þorkel Eiríksson og konu hans til Seyðisfjarðar með Thyra til að leita sér þar atvinnu í sumar.

2. Einar Árnason söðlasmiður fór þess á leit í bréfi 2. þ. m. að fá úr fátækrasjóði 24–25 kr. til ~~að~~ fatnaðar handa Guðrúnu Guðmundsdóttur Vestmann, sem hefur fengið farbréf til Ameríku frá manni einum, sem þar er. Nefndin samþykkti að veita í þessu skyni 12 kr.

3. Samþykkt var að lána Benedikt prentara Pálssyni í veikindum hans 100 kr. úr fátækrasjóði, sem hann endurborgi með 5 krónum á mánuði frá 1. september þ. á., þangað til skuldinni er lokið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Fátækranefndin samþykkti að taka á ábyrgð húsaleigu 3 kr. á mánuði fyrir Einar Ólafsson til Ingibjargar Sigurðardóttur í Skálholtskoti. —

5. Kristjáni Jónassen tilkynnti nefndinni, að hann gæti eigi haldið Ingibjörgu Guðmundsdóttur lengur en til 1. júlí næstk. — Ólafi Ólafssyni var falið á hendur að útvega henni samastað.

6 Samþykkt var að hækka kaup manna þeirra, er vökta yfir Jóhannesi Guðmundssyni í brjálsemi hans, þannig að það yrði 4 kr. um sólarhringinn. —

7. Anna Þorsteinsdóttir afsegir að ljá Dedrik Hölter húsnæði lengur. Ákveðið að útvega Dedrik húsnæði eða koma honum fyrir með meðgjöf, er svarar húsaleigunni.

8. Út af beiðni Sigurðar Bjarnasonar um styrk til að byggja yfir sig og til lífsframfæris (sjá næsta fund á undan) ákvað nefndin að hún gæti eigi lagt fram fje til byggingar, en samþykkti að útvega Sigurði húsnæði og styrkja hann að öðru leyti eptir þörfum. [illegible] Sigurðar, faðir hans Bjarni Oddsson og tengdafaðir hans Sigurður Þorsteinsson hafa lofað að styrkja hann eptir því sem efni þeirra leyfa.

9. Að fengnum upplýsingum um efni og ástæður Jóns Gott-svarar á Morastöðum (sjá fund 8. maí þ. á.) neitaði nefndin honum um tómthúsmennskuleyfi, þar eð skýrsla hans um efni sín virtist vera alveg röng.

10. Ögmundi Jónssyni frá Selalæk á Rangárvöllum, sem hafði beiðst bæjarleyfis í brjefi dags. í dag, var lagt fyrir að útvega skilríki um efni sín og ástæður, áður en beiðni hans yrði útkljáð.

Allir á fundi nema H. Kr. Friðriksson, sem eigi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gat mætt sökum prófs í skólanum.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. Björn Jónsson. G. Þórðarson

Ólafur Ólafsson Þórður Jensson

Ár 1890, þ. 26. júní var fundur haldinn í fá-tækranefndinni.

1. Samþykkt var að senda Jón Þórðarson í Bergs-koti til sjóar á þilskipið „Emigrant", og styrkja fjölskyldu hans hér meðan hann væri fjarverandi.

2. Eyjólfi Pjeturssyni frá Bíónastöðum í Flóa var eptir beiðni í bréfi dags. 21. þ.m. veitt tómt-húsmannsleyfi.

3. Ögmundi Jónssyni frá Selalæk (sjá næsta fund á undan) var sömuleiðis veitt bæjarleyfi, eptir að hann hafði sýnt skilríki um efni sín, og með því skilyrði að hann kvæntist konuefni sinni áður en þau fara að búa saman.

4. Sigurði Gíslasyni í Hafnarfirði var synjað um beiðni hans í bréfi 16. þ.m. um tómthúsmanns-leyfi hjer í bænum, sökum fátæktar hans og ómegð-ar.

Allir á fundi, nema K. Friðriksson (við próf) Guðmundur Þórðarson (fjarverandi) og Þórður Jensson.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson

Björn Jónsson

Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1890, þ. 14. júlí var fundur haldinn í fátækra-
nefndinni

1. Sigurður Erlendsson á Akranesi fer í bréfi 9. þ.m. fram á að fá 15–20 kr. styrk með Þórunni Einarsdóttur, sem hefur verið á framfæri hjá honum en var fermd síðastl. vor. Samþykkt var að láta hann fá 15 kr í meðlagsskyni fyrir síðari helming ársins
2. Sigurður Jónsson frá Ártúni biður í bréfi 4. þ.m. um bæjarleyfi í 3 mánuði. Fátækranefndin álítur sjer ekki heimilt að veita þetta leyfi.
3. Þorbergur Þorbergsson biður í bréfi 5. þ.m. um bæjarleyfi frá næstkomandi hausti. Ákveðið var að heimta ítarlegri skýrslu um efnahag hans, áður en beiðni hans yrði útkljáð.
4. Sumarliði Jónsson Hafnarfirði biður í bréfi 1. þ.m. um bæjarleyfi. Honum var synjað um leyfið, fyrr en til hans sendi fullnægjandi skýrslu um efni sín og ástæður.

Allir á fundi, nema Björn Jónsson og Halldór Friðriksson (fjarverandi)

Fundi slitið

Halldór Daníelsson

G. Þórðarson Ólafur Ólafsson

Þórður Torfason

Ár 1890, fimmtudaginn 14. d. ágústmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í bréfi ódagsettu biður Sigurður Bjarna-són um styrk sjer til viðurværis. Honum var ákveðinn styrkur til næsta fundar; en þá skyldi ákveðið, hversu mikinn styrk hann skyldi fá.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Elízabet Sæmundsdóttir afsegir að halda Diðriku Höltei framvegis, en vill fá að minnsta kosti 6 kr. 66 aura um mánuðinn, ef hún skyldi halda hana framvegis, og henni bætt upp fyrir undanfarandi tíma. Og var það samþykkt.
3. Ragnheiður Vigfúsdóttir biður um viðgjörð á bæ þeim, sem hún býr í (Blöndalsbæ), og var því heitið.
4. Jón Ingimundarson biður um styrk til viðgjörðar á bæ sínum. Honum var lofað verð torfsins, en hann skyldi láta sonu sína sækja það fátækrasjóð að kostnaðarlausu.
5. Oddviti hreppsnefndarinnar í Mela og Leirársveit biður, að Rannveig Jónsdóttir í Fjelagsgarði megi vera hjer kyrr í Reykjavík gegn ábyrgð hreppsins; en því var neitað.
6. Framlagðar reikningar fyrir Þorstein Jónsson (bakara), samtals 38 kr. 40 a., og voru þeir samþykktir til ávísunar.
7. Ákveðið að semja við Berg Þorleifsson um veru Guðmundar Jónssonar, unz skýrsla væri fengin um heilferði hans.
8. Ákveðið að veita Guðrúnu Einarsdóttur 5 kr með Guðr[illegible] til 1. ágústm., en 3 kr. 50 aur. frá 1. ágúst, unz henni væri komið annarstaðar frá.
9. Benidikt Pálssyni lánaðar enn fremur 40 kr.
10. Sigurði Jónssyni frá Ártúni var veitt bæjarleyfi samkvæmt beiðni hans.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson
G. Þórðarson
G. Gunnarsson

Árið 1890, fimmtudaginn 28. dag ágústmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Í brjefi, dags. 26. þ. m. skýrði landshöfðinginn frá, að Jakobína Einarsdóttir hefði verið veik síðan 20. júní af brjóstteringu, og áliti hann sjer eigi skylt, að kosta hana lengur, og skoraði á fátækranefndina að taka hana til framfærslu kaupstaðarins. Ákveðið, að koma henni fyrir hjá Sesselju Þórðardóttur, þar sem hún nú er.
2. Bergur Þorleifsson vill eigi halda Guðmund Jónsson framvegis, en vill ljá honum hús og þjónustu fyrir 3 Kr. 33 a. um mánuðinn. Þessu boði var tekið, en ákveðið að styrkja Guðmund að öðru leyti eptir þörfum.
3. Pjetur Grímur óskar að flytja í bæ Bjarna smikkara Jónssonar; en því máli var frestað að þessu sinni.
4. Í brjefi 22. þ. m. biður Guðmundur Jónsson í Bræðraborg um lengingu á láni því, sem hann fjekk í vetur – 50 kr. –; og var beiðnin veitt, og lánið lengt um eitt ár.
5. Brynjólfur Eiríksson biður í brjefi 26. þ. m. ~~um~~ lán að minnsta kosti um 250 kr. og var lánið veitt, ~~og~~ með meiri hluta atkvæða, ef efnið fengist. —

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson.
G. Þórðarson Ólafur Ólafsson

Ár 1890, fimmtudaginn 11. dag septembermánaðar hjelt fátækranefndin fund með sjer, og var dómkirkjupresturinn sjera Jóhann Þorkelsson einnig á þeim fundi.

I. Fyrst var rætt um, að gjöra uppástungu um það, hver börn skyldu njóta kennslustyrks úr Thorkillii-sjóði, og var stungið upp á þeim, sem nú skal greina.

| | | | |
|---|---|---|---|
| × 1. | Anna Lovísa Steinsen | fædd 23/10-76 | 20 kr. |
| × 2. | Júlíana Guðfinna Guðnadóttir | 3/7-77 | 20 |
| 3. | Pjetur Guðmundsson | 11/9-78 | 20 |
| 4. | María Guðmundsdóttir | 17/2-80 | 20 |
| 5. | Björg Gísladóttir á Bakka | 27/7-77 | 20 |
| 6. | Jónína Guðný Guðnadóttir | 1/2-80 | 20 |
| 7. | Jón Antonsson | 28/8-78 | 20 |
| 8. | Jón Hjaltalín Sigurðsson | 15/10-78 | 20 |
| 9. | Nikulás Baldvin Jakobsson | 28/8-78 | 20 |
| 10. | Stefanía Stefánsdóttir | 7/11-77 | 20 |
| × 11 | Kristín Jónsdóttir, Dukskoti | 12/4-77 | 20 |
| × 12. | Sigríður Eyvindsdóttir | 28/11-76 | 20 |
| 13. | Þuríður Kristjánsdóttir | 14/2-78 | 20 |
| × 14. | Carolína Rósa Siemsen (14 ár | " " | 20 |
| 15. | Guðlaug Jónsdóttir (Dukskoti) (11 ára) | " | 20 |
| 16. | ~~Sigríður~~ Ragnheiður Egilsdóttir (12 ára) | " | 20 |
| 17. | Hans Ingi Hofmann | (11 ára) " | 20 |
| 18. | Guðrún Ólafsdóttir | Seli (10 ára) " | 20 |
| × 19. | Hólmfríður Pjetursdóttir | 13 ára " | 20 |
| 20. | Tryggvi Bjarnarson | 17/11-77 | 20 |
| 21. | Magnús Sigurðsson (Magnússon | (10 ára) " | 20 |
| 22 | Ragnheiður Jónsdóttir (Skipholti | (12 ára) | 20 |
| | | | 440 kr |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

flutt 440 kr

23. Guðmundur Sofus Gunnlaugss. (11 ára) " — 20 —
24. Halldóra Guðrún Magnúsdóttir Ofanleiti (12 ára) 20 —
× 25. Jórgína Gísladóttir (13 ára) " — " 20 —
26 Guðrún Gísladóttir (11 ára) " — " 20 —
× 27. Björg Magnúsdóttir Melshúsi? (13 ára) " — " 20 —
24. Edvard Siemsen — (13 ára) " — " 20 —
25. Björg Magnúsdóttir Ánanaustum (11 ára) " — " 20 —
26. Guðfinna Jónsdóttir (Mýrarh.) (12 ára) " " — 20 —
27. Kristín Sigurðardóttir (Hegningarh.) 13 ára — 20 —
28. Sigurður Guðmundsson (Ofanleiti) 10 ára 20 —
× 30. Kristjana Jónsdóttir (Bjarnaborg?) 13 ára 20 —
× 31. Stefanía Stefánsdóttir (Amtsp.? fædd 6/9 — 79 — 20 —
32. Guðrún Anna Guðbrandsdóttir Skólav.? á 11. ári 20 —
33. Margrjet Jónsdóttir — á 9. ári 20 —
34. Guðrún Hansdóttir (Gísla Jóns. á 10. ári 20 —
+ 35. Inga? Einarsdóttir (Arnarh. á 13. ári 20 —
36. ~~Jón Guðmundsson~~ Jón Sigurðsson 13 ára? 20 —
+ 37. Ingibjörg Guðmundsd. (Gunnarsholti) † 10 ára 20.
38. Regína Helgadóttir (Tjörnum?) 13 ára 20 —
+ 39. Hallgrímur Benidiktss. (A...) 20 —
40. Margrjet Pálsdóttir í Pálsbæ 9 ára 20 —
+ 41. Hermannía Sigr. Hermannsdóttir f. 19/10 77 20
+ 42. Sigurður Kristjánsson 9 ára 20
+ Guðmundur Guðmundss. Gunnarsh. 7 ára

Samtals 840.

II. Þá var gjörð áætlun um tekjur og gjöld fátækrasjóðsins næsta ár og var hún þannig:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## A. Tekjur

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Tíund | 130 kr. – |
| 2. | Sektir og gjafir | 150 – |
| 3. | Hundaskattur | 30 – |
| 4. | Endurborgun frá öðrum sveitum | 700 – |
| 5. | Endurgjald frá innsveitismönnum | 200 – |
| 6. | Borgun fyrir seldar veitur ómaga | 50 – |
| | Samtals | 1260 kr. |

## B. Gjöld

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Til fastra ómaga | 5500 kr. |
| 2. | — þurfamanna | 4000 – |
| 3. | — Vitstola | 800 – |
| 4. | Greptrun ómaga | 100 – |
| 5. | Lögflutningur þurfamanna | 100 – |
| 6. | Fátækralyf og önnur óvissutgjöld | 300 – |
| 7. | Lán til annara sveita | 600 – |
| | Samtals | 11,400 kr. |
| | þar frá dragast tekjurnar | 1260 kr. |
| | og verður þá eptir | 10,140 kr. |

sem jafna verður niður á bæjarbúa.

III. Pjetur Hjaltested biður í brjefi dags. í dag að ráðstafa vinnukonu einni Rannveigu Einarsdóttur, sem sje eigi með öllu ráði. Ákveðið var, að koma henni fyrir, og skyldi Guðmundur á Vegamótum reyna það.

IV. Samþykkt að borga Jóni Einarssyni á Skildinganesi 5–6 kr fyrir Jóhannes Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Málfríður Guðbrandsdóttir biður um húsaleigu, 3 kr. um mánuðinn. Henni var lofað, að ábyrgjast fyrir hana 2 kr. um mánuðinn frá 1. degi októbermán. til næstu krossmessu.

VI. Þorkell Sigurðsson biður, að fátækranefndin kaupi bæ handa sjer fyrir 190 kr.; en því var neitað. Ákveðið var, að fá Þorkel sviptan fjárráðum, og fela Ólafi Björnssyni, að sjá um hann.

VII. Sömuleiðis að svipta Þorstein Jónsson bakara sínum fjárráðum, og skyldi Erlendur Sakaríasson hafa umsjón með honum.

VIII. Enn fremur að svipta ~~Ólaf~~ Einar Ólafsson sínum fjárráðum, og skyldi Erlendur Sakaríasson vera hans fjárhaldsmaður.

IX. Sigurbjörg Sigurðardóttir biður um heimflutning á ný, og var það veitt.

X. Guðmundur Jónsson í Hábæ hefur afhent fátækranefndinni bæ sinn (Hábæ). Var ákveðið að halda honum, og lofa Guðmundi Jónssyni, sem var í Bræðraborg að búa í honum, og fleirum, að svo miklu leyti, rúmið leyfir.

XI. Guðjón Knútsson biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

XII. Ákveðið að koma börnum Hans Jónssonar fyrir, og var Gunnari Gunn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

árssyni falið á hendur, að koma þeim fyrir.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. M. Friðriksson. Björn Jónsson
G. Þórðarson Ólafur Ólafsson
Þórður Torfason
Gunnar Gunnarsson
Jón Þorsteinsson

Árið 1890, fimmtudaginn 25. dag septembermánaðar, átti fátækranefndin fund með

1. Formaður skýrði frá, að amtmaður hefði eptir beiðni nefndarinnar svipt þá fjárráðum sínum: Þorstein Jónsson, Einar Ólafsson og Þorkel Sigurðsson; sjá síðasta fund.
2. Halldóra Jónsdóttir biður um styrk til að borga húsaleigu. Henni voru veittar 2 Kr. um mánuðinn frá 1. degi októbermán. næstkomandi.
3. Sigurbjörgu Sigurðardóttur voru veittar 1 skpd af kolum og 10 potta af steinolíu og, í sömuleiðis Rannveigu Jónsdóttur í Gíslaholti 2 skpd af kolum og 10 potta af steinolíu.
4. Sigurður Jónsson í Kasthúsum býðst til taka Ragnheiði Símonardóttur fyrir 40 Kr. minna, en nú er gefið með henni, og var það samþykkt, ef Steindór snikkari vildi eigi halda hana fyrir sama, sem Sigurður

5. Formaður skýrði frá, að hann hefði fengið skýrslu frá sýslumanni um vitnisburð Margrjetar Vigfúsdóttur um dóttur Jóns heitins Þorsteinssonar, en á þeirri skýrslu var ekkert að græða

6. Þorbergur Þorbergsson ítrekar beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sjá fund 14. júlí í sumar) og skýrir nákvæmar frá fjárhag sínum og virðingu á munum hans. Honum var synjað um leyfið, með því að hann mátti telja óreiga eptir þeim skýrslum, sem nefndin fjekk um hagi hans.

7. Ákveðið var, að hjálpa þeim Sigurði Eiríkssyni og Sigurði Bjarnasyni eptir þörfum; og mundi Sigurði Bjarnasyni eigi veita af 18 kr. um mánuðinn.

8. Í stað Sveins Bjarnasonar í Sauðagerði var kosinn fátækrastjóri Guðmundur Þorkelsson á Pálshúsum.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson

Ólafur Ólafsson

Jón Þorsteinsson

Ólafur Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1890. þ. 9. dag októbermánaðar var fundur haldinn í fátækranefndinni:–

1. Guðrún Jóhannesdóttir í Móakoti biður um aukinn styrk. Samþykkt var að hækka tillag til hennar um 2kr. þannig að það yrði 10 kr. um mánuðinn frá 1. þ. m. til næstu krossmessu
2. Samþykkt var að greiða Pjetri Hjaltested 80 aura á dag frá 1. þ. m. með sjúklingnum Rannveigu Einarsdóttur.–
3. Benedikt Ásgrímssyni voru lánaðar 30 kr. úr fátækrasjóði til að kosta útför barns síns.
4. Ludvig Hansen (P. C. Knudtzon & Søn) hafði sent nefndinni tilboð um að láta af hendi nauðsynjavörur handa þurfamönnum. Var boð hans samþykkt að öðru leyti en því, að reynt skyldi að fá ódýrri ofnkol hjá honum eða öðrum.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson  Björn Jónsson  Ól. Þórðarson
Þórður Torfason
G. Gunnarsson
Jón Thorsteinsson

Ár 1890, fimmtudaginn 23. dag októbermán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Framlagður reikningur frá trjesmið Eiríki Kuld fyrir smíði á kistu um barn Pjeturs Grímssonar, að upphæð 7 Kr., og var reikningurinn samþykktur; en reikn. var færður niður í 5 Kr.
2. Pálína Oddsdóttir skýrir frá, að barnsfaðir ~~hennar þeirra~~ einn Magnús Kaprasíusson ætti að gefa sjálfur með barni þeirra, og borga áfallna meðgjöf og tæki hún því framvegis enga meðgjöf með því úr sveitarsjóð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Fram lagður reikningur frá frú Elínu Stephensen, 5 kr. 30 a., fyrir mjólk handa Sigurbjörgu Guðmundsdóttur. Reikningurinn samþykktur.
4. Lagt fram mat á húsi Brynjólfs Eiríkssonar í Skuggahverfi, að upphæð 519 kr., og var bankinn fús á að lána honum þessa peninga gegn veði í húsinu og ábyrgð fátækrastjórnarinnar, gegn árlegri afborgun og vöxtum í 20 ár, og var það samþykkt.
5. Ákveðið að koma Guðríði Einarsdóttur fyrir frá næstu mánaðamótum, og tók Þórður Torfason að sjer að reyna það.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson.
Ólafur Ólafsson. Þórður Thoroddsen. G. Þórðarson

Árið 1890, fimmtudaginn 13. dag nóvembermánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Guðmundur Guðmundsson á Torfalæk í Húnavatnssýslu skýrir frá í brjefi 24. október, að Jóhannes Veldison óski lækningar við á sjúkrahúsinu hjer í Reykjavík, og vill fá Kaupstaðinn til að leggja á sjúkrahúsinu hjer, án endurgjalds frá hreppsbúum. Ákveðið var, að svara því, að fyr en fátækranefndin geti svarað þessu, verði Guðmundur eða Jóhannes

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að útvega vottorð læknisins í Húnavatnssýslu um veikindi Jóhannesar, að lækninum treysti sjer eigi til að lækna hann, og nauðsyn beri til, að hann komist hjer á sjúkrahúsið.

2. Þá voru lögð fram 2 brjef, annað frá Brynjólfi Eiríkssyni, beiðni um húsaleigu í sumar 12 kr. 50 a., ~~og hitt frá Sigurði~~ til Sigurðar Ámundasonar, og var það veitt.

3. Bjarni Bjarnason á Grjóthúsum óskar að fá úr fátækrasjóði borgun fyrir hleðslu á veggjum á húsi Brynjólfs Eiríkssonar, 50 kr.; en fátækranefndin gat eigi veitt þetta fje, þar sem hann hefði tekið að sjer þetta verk án hennar vitundar og samþykkis. Þó voru honum gefnar 25 kr. í þetta sinn.

4. Guðrún Benidiktsdóttir í Miðhúsum biður um 20 kr. lán til næsta sumars. Brjefið er dagsett 3. þ.m. Lánið var veitt.

5. Jón Arnljótsson skýrir frá, að Þórður Árnason geti eigi borgað húsaleigu, 2 kr. um mánuðinn, og vill fá húsaleigu þessa úr fátækrasjóði; en því var neitað.

6. Halldór Þórðarson á Bala biður í brjefi 28. f.m. biður um styrk úr fátækrasjóði sökum bágindasinna. Honum var heitinn styrkur eptir þörfum.

7. Valgerður Guðnadóttir í Hafnarfirði biður í brjefi 11. þ.m. um styrk, svo sem meðlag með einu barni. Henni var heitið þetta meðlag með dóttur hennar, sem var staðfest í vor, til nýárs.

8. Einar Einarsson í Háholti biður um rúmar 5 kr. til Eyvindar Guðmundssonar fyrir vöku

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfir vinnumanni hans Jóhannesi. Því var neitað.

9. Katrín frá Hátakoti biður um húsaleigu fyrir vetrarmánuðina 1. nóv. – 14 maí næsta ár 1½ kr. um mánuðinn, og var það veitt.

10. Reikningur frá Guðjóni Bjarnasyni lagður fram, fyrir hjúkrun á Helgu Jóns-dóttur í Zoikar, 11 Kr. 85 a. Honum voru veittar 9 kr.

11. Formaður stakk uppá, að koma Þorleifi Bjarnarsyni fyrir, t. a. m. hjá Sveini Bjarnasyni í Sauðagerði, og var falið Guðmundi Þorkelssyni á hendur að koma honum fyrir.

12. Reikningur fram lagður frá Ólafi Björns-syni fyrir fót handa Sigríði Ólafsdóttur, 3 kr. 80 aura, og var reikningurinn samþykktur.

13. Gísli Þórðarson á Ottarsstöðum í Garða-hreppi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var neitað.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. H. Friðriksson. Björn Jónsson

Þórður Torfason Ólafsson

Sveinn Guðmundsson

Gunnar Gunnarsson

Ólafur Björnsson

Guðmundur Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á 1890, fimmtudaginn 27. d. nóvembermán., átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Í brjefi í dag biður Magnús Einarsson í Melkoti hækkað meðlag með Kristjáni Haagensen upp í 18 kr. um mánuðinn frá 1. degi næsta mánaðar, og var það samþykkt.

2. Sigríður Jónsdóttir í Vesturgötu nr. 29 biður í brjefi 18 þ. m. um 4–5 kr. styrk um mánuðinn; ákveðið að hjálpa henni eptir þörfum.

3. Guðrún Sigurðardóttir á Litlalandi biður um aukna meðgjöf með Diðriki Hölter, 5 kr. um mánuðinn, og var það samþykkt fyrst um sinn til krossmessu næsta vor.

4. Jón Þórarinsson í Bankastræti biður um styrk, 18 kr., til að kaupa saumavjel; var það veitt.

5. Magnús Árnason á Vatnsleysuströnd biður um styrk af sveitarsjóði að láni, 10–20 kr. og var það veitt.

6. Salómon Guðmundsson á Hól biður í brjefi 24. nóv. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum frá næstu krossmessu. Hann á ekkert til, og er ráðalítill. Honum var synjað um leyfið.

7. Páll Þórhallsson í brjefi í dag biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Hann er nú á Hurðarbaki í Kjós. Honum var veitt leyfið.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson

Sigfús Guðmundsson G. Þórðarson Þórður Jensson

G. Gunnarsson Ólafur Ólafsson [illegible]

Ólafur Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1890, þ. 11. desember átti fátækranefndin fund
með sjer. –

1. Þorsteinn Jónsson bakari beiddi í brjefi 11. nóv 1890
um húsaleigu kr. 3.50 um mánuði fyrir hinnst
hjá Guðmundi Guðmundssyni við Laugaveg.
Honum, var heitið húsaleigustyrk allt að 2 kr. –
um mánuðinn

2. Guðmundur Jóhannesson Miðhúsum beiddist í
brjefi 5. desember úr bæjarsjóði 2/3 hluta með-
lags með óskilgetnu barni konu sinnar Ólafar
Nielsdóttur frá 8. maí þ.á. Fátækranefndin álít
sjer eigi skylt að verða við þessari beiðni.

3. Ólafur Þorvarðarson Klapparstíg nr. 4 biður í brjefi
10. þ.m. um 3 kr. húsaleigustyrk á mánuði.
Honum var veittur krónu mánaðarlegan húsaleigu-
styrkur frá 1. þ.m. til krossmessu 1891

4. Elín Sigurðardóttir Sölfhóli biður í brjefi 2. þ.m.
fátækranefndina að útvega sjer betri samastað.
Nefndin álít hentugast að Elín útvegaði sjer sjálf
samastað. –

5. Fátækranefndin samþykkti að lána 20 kr. úr
fátækrasjóði til útfarar Guðrúnar Bergþórsdóttur
frá Guðrúnarkoti, ef á þyrfti að halda. –

6 Samþykkt var að útvega utanyfirföt handa dreng-
um Þóri Þórðarsyni í Bergskoti á kostnað
fátækrasjóðs. –

7. Í brjefi 28. f. m. biður Benedikt Daníelsson
frá Engey um barnakennslu meðan skólaleyfi. Málinu
frestað til næsta fundar til að leita upplýsinga. –

8. Þar eð Erlendur Zakaríasson, sökum ýmissa
anna getur eigi gegnt fátækrafulltrúastörfum
stakk nefndin upp á að honum væri veitt lausn
frá þeim og í hans stað kosinn Gísli Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dýravörðum, sem fátækra fulltrúi í Þingholtshreppi. 

Fundi slitið

Halldór Daníelsson     Björn Jónsson     G. Þórðarson

Guðmundur Guðmundsson     Ólafur Ólafsson     Þórður Torfason

Gunnar Gunnarsson

Jón Þórsteinsson.

Ár 1891, fimmtudaginn 15 dag janúarmánaðar var fundur haldinn í fátækranefndinni. Þá var tekið fyrir

1. Að ákveða meðlög með ómögum og styrk til þurfamanna, og var það gjört þannig:

## A. Ómagar

| Tala | Nöfn ómaganna | Aldur | Nöfn húsbænda | Meðlag Kr. |
|---|---|---|---|---|
| ~~1~~ | ~~Guðrún Þorláksdóttir~~ | ~~14~~ | ~~Hansína Þórarinsdóttir Hamarsbóð~~ | |
| 2 | Helga Emilía dóttir Ditr. Möller | 11 | Guðjón Þorólfsson | 80 |
| 3 | Benedikt Guðrúnarson | 13 | Margrét Bjarnadóttir | 80 |
| 4 | Ingibjörg Guðmundsdóttir | 69 | Einar Zoëga | 288 |
| 5 | Ásdís Daðadóttir | 58 | Þórður Guðmundsson | 114 |
| 6 | Guðrún Guðmundsdóttir | 6 | Hans A Guðmundsson | 80 |
| 7 | Ólafur Guðnason | 12 | Ingileif á Miðgrund | 80 |
| 8 | Sigríður Andersdóttir | 10 | Þórður í Norðurkoti | 80 |
| 9. | Kristrún Ásmundsdóttir | 63 | Torfi Þorgrímsson | 150 |
| 10 | Finnbogi Finnbogason | 10 | Guðrún Jónsdóttir | 80 |
| 11 | Hallbera Guðmundsdóttir | 13 | Bergur Þorleifsson | 80 |
| 12 | Agnes Jónsdóttir | 78 | Sigurður á Bergi | 120 |
| 13 | Guðmundur Guðmundsson Eiríksdóttur | 8 | Magnús í Laxanesi | 80 |
| 14 | Sigríður Jónsdóttir | 58 | Helgi Teitsson | 120 |
| 15. | Jónína Guðrún Jónasdóttir | 8 | Anton á Vindheimi | 80 |
| 16 | Friðrik Guðmundsson | 7 | Skúli Jónsson | 80 |
| 17. | Magnús Magnússon | 7 | Guðlaugur Þorgrímsholti | 80 |
| 18 | Kristján Jóhannesson | 10 | Erlendur á Breiðabólsstöðum | 30 |
| 19 | Oddur Sigurðsson | 11 | Kristján á Sölmundarhöfða | 60 |

Fl. 1762

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur